

VILHELM ANTON JÓNSSON

Eyddi áramótum með  
ókunnugum í Berlín

Áramót

allt í MIÐJU BLAÐSINS



ILMUR KRISTJÁNSDÓTTIR

A uppleið í fjármálageiranum

Ný gamanþáttaröð í bígerð

FÓLK 46



# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

27. desember 2007 — 351. tölublað — 7. árgangur

MEST LESNA DAGBLAD Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

## FIMMTUDAGUR



Slæm  
fyrirmynnd

Spears-fjölskyldan óttast um  
Jamie Lynn.

FÓLK 36

### Kveðjur fyrir ellefu milljónir

Stórfyrirtæki nýta  
sér Skaupið og  
borga vel fyrir.

FÓLK 46



### Getur staðið um ár og aldir

Hvalneskirkja við  
Sandgerði er 120 ára.  
Kirkjan ber aldurinn  
vel enda byggð úr  
grágrýti.

TÍMAMÓT 30

### Brynjár fíkk rauðt

Mikið var um mörk  
og rauð spjöld í  
enska boltanum í  
gær.

ÍPRTTIR 22



### VEÐRIÐ Í DAG



**NORDAN BÁL** - í dag verður  
norðan strekkingur eða allhvasst  
víða um land. Snjókoma eða él  
með allri norðurströndinni og skaf-  
renningur en hálf- eða léttksýjað  
syðra. Frost 0-9 stig, kaldast til  
landsins vestan til.

VEDUR 4



**SNJÓBRÆÐSLA VIÐ MÝRARGÖTU** Snjó hefur kyngt niður í Reykjavík um jólín. Sigurður Ingólfsson, íbúi við Mýrargötu, tók til þess  
rás Í gær að nota garðlönguna til að bræða snjóinn. Sigurður hefur búið við höfnina um árabil og fylgst með borgarmyndinni  
breytast. Hann vann í hraðfrystihúsini skammt frá heimili sínu í 37 ár en nú hefur það verið rifið til að rýma til fyrir nýbyggingum.

FRÉTTABLAÐIÐ/VÖLUNDUR

### > Markaðurinn

Sögurnar ... tölurnar ... fólk...  
FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG



Tuttugu manna dómnefnd Markaðarins horfir yfir árið í íslensku viðskiptalífi:

## Jón Ásgeir viðskiptamaður ársins

**VIÐSKIPTI** Jón Ásgeir Jóhannesson, stjórnarformaður Baug Group, er maður ársins 2007 í íslensku viðskiptalífi að mati tuttugu manna dómnefndar Markaðarins. Í öðru til fjórða sæti eru Björgólfur Thor Björgólfsson, Róbért Wessman og Sigurjón Þorvaldur Árnason í pessari röð.

Dómnefndin var einnig beðin um að nefna þau atriði sem stæðu upp úr í viðskiptalífinu á árinu. Atkvæðin skiptust mun jafnar þar a milli en við val á viðskiptamanni ársins. Nefndu flestir sölu fjárfestingsfélags Björgólfss Thors á búlgarska símanum

BTC, velgengni Icesave, innlánslensreiknings Landsbankans í Bretlandi, og hlutajáraukningu Baugs í FL Group sem vel heppnuð viðskipti.

Flestir voru hins vegar sammála um að kaup og sala FL Group á AMR, einu stærsta flugrekstrarfélagi Bandaríkjanna, hefðu verið verstu viðskipti ársins.

Í Markaðnum er að finna fjölda greina eftir helstu styrumenn í íslensku viðskiptalífi. Sviptingar á fjármálamörkuðum eru flestum þeirra hugleiknar. Í þeim felist bæði hættur og tækifæri. - bg / sjá Markaðinn



**SKAUTAJÓL**  
.skautaholl.is...  
s. 5889705



Musharraf og Karzai funda:  
**Samstarf gegn  
hryðjuverkum**

**PAKISTAN, AP** Forsetar Pakistans og Afganistans hafa rætt leidir til þess að berjast sameiginlega gegn hryðjuverkum og íslömskum öfgamönnum á landamærum ríkjanna. Deir Pervez Musharraf, forseti Pakistans, og Hamid Karzai, forseti Afganistans, sögðu frá þessu á blaðamannafundi í Islamabad í gær. Á fundinum sagði Musharraf að fólk í báðum löndum bjáðist vegna hryðjuverka og öfgamanna.

Forsetarnir hafa lengi deilt um baráttuna gegn uppreisnar og hryðjuverkamönnum í héruðunum við landamæri ríkjanna. - peb



Keith, eruð þið ekki að dansa á línumni?

„Nei, en við erum að hugsa um að gera það á næsta ári.“

Guðspjónustan í Lindarsókn var með kántríblei í gær. Þekkt jólalög voru leikin í kántristil og tónlistarmennir voru í kúrekaklæðum, en enginn línuðans var að þessu sinni. Keith Reed er organisti og söngstjóri Lindarsóknar.



FJÓR Í SNJÓNUM Kristjana Signý dregur Jönu Katrínú á snjóþotu í snjónum í gær.

Vegfarendur sýni aðgát:

## Snjór og hálka á vegum landsins

**VEDUR** Snjór fell á öllu vestan- og norðanverðu landinu í gær. Flestir vegir voru færir, en víða var hálka og skafrenningur.

Vegagerðin biður vegfarendur um að sýna fyllstu tillitssemi

gagnvart snjómkursturstaðkum.

Hálkublettrir voru á Reykjanesbraut og Hellisheiði, en annars hálka eða snjóþeppja víðast hvar á Suðurlandi. Einnig var hált her og bar á Austurlandi, og skafrenningur á Vestfjörðum. Þá voru Hrafnseyrarheiði og Dynjandisheiði ófærar.

Vegagerðin biður vegfarendur um að sýna aðgát vegna framkvæmda við tvöföldun Reykjanesbrautar.

- sps

Fundvis vélslæðaeigandi:

## Rakti slóð og fann þjófana

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu handtók síðdegis í gær þrjá menn um tvítugt sem stolið höfðu vélslæða úr Skútuvgogi í Reykjavík. Þegar eigandinn varð þess var að sleðinn var horfinn rakti hann slóð sleðans út úr bænum og upp í Mosfellsdal, þar sem hann fann mennina að leik á sleðanum.

Hann hrindgi þá á lögreglu, sem var stödd skammt frá og kom og handtók mennina. Þeir voru færðir á lögreglustöð til yfirheyrsu.

- sh

Kona óskaði hjálpar á jónanótt:

## Nefbrotnaði í átökum við þrjá

**LÖGREGLUMÁL** Kona nefbrotnaði og braut tönn í átökum við þrjá karlmenn í samkvæmi í Breiðholti á jónanótt. Konan var gestkomandi í Ibúi í fjölbýlishúsi og tilkynnti lögreglu sjálf um átökinn. Þegar lögregla kom á staðinn voru þrír erlendir karlmenn í ibúðinni ásamt konunni, sem er íslensk og býr í sömu götu. Allt var fólkioð ólvað.

Konan var nefbrotn og með brotna tönn eftir áflögum og var flutt til aðhlyningar á slysadeild. Mennirnir þrír voru fluttir á lögreglustöð til yfirheyrsu og slept að því loknu. Tildróg áflöganna ligga ekki fyrir.

- sh

Haftyrdill heimsótti fjölskyldu í Vestmannaeyjum á aðfangadagskvöld:

## Lítill fugl stöðvar jólahaldið

**VESTMANNAEYJAR** Fjölskylda í Vestmannaeyjum fékk óvænt heimsókn á aðfangadagskvöld þegar labradorhundurinn Brjánsi bauð haftyrdili heim í jólastemminguna.

Hundurinn, sem vanur er að hjálpa til við að ná og sleppa lundapsjum hafið farið út að viðra sig með eiganda sínum þegar örþreyttur haftyrdill varð á vegi þeirra. Preyta fuglsins gerði það að verkum að hundurinn átti auðvelt með að fanga hann og bað án þess að særa nokkuð.

Haftyrdilar eru alfríðaðir, sjaldséðir og minnstir fugla af ætt svartfugla. Verpa þeir aðeins mjög

norðarlega og til Íslands berast þeir helst sem flækingsfuglar frá Grænlandi. Þeir lifa á rækjum og smákrabbadýrum en húsráðendur í Eyjum áttu ekkert slíkt góðgæti til og gáfu gestinum þess í stað lýsi.

Allir á heimilinu gerðu sitt til að bjarga fuglinum og má með sanni segja að þessi litli fugl hafi stöðvadóttó jólahaldið á heimilinu enda ekki á hverjum degi sem jólajöf kemur af himnum ofan.

Samkvæmt ráðum Kristjáns Egilssonar, safnvarðar Náttúrugripasafnsins í Vestmannaeyjum, var fuglinum svo slept í sjóinn í Viðlagafjöru.

- ovd



ÓVÆNT JÓLAHEIMSÓKN Haftyrdillinn vakti áhuga allra á heimilinu. MYND/ÓSKAR

Brutust inn í Snælandsskóla:

## Innbrotspjófar staðnir að verki

**LÖGREGLUMÁL** Þrír unglingsstrákar voru staðnir að verki við innbrot í Snælandsskóla í gær morgun. Þeir reyndu að komast undan á hlaupum þegar lögregla kom á staðinn, en einn þeirra náðist. Lögregla tók af honum skýrslu í gær en hinna er leitað.

Þó sögn lögreglu settu drengirnir öryggiskerfi í gang með því að spenna upp glugga á skólanum. Þeir voru að tína til tölvir og myndvarpa þegar lögregluþjónar og öryggisverðir komu á vettvang. Þá tóku piltarnir til fótanna.

- sps

## Tivoli-tæki undir jólatré starfsfólks

Tivoli-útvarpstæki voru vinsæl gjöf frá fyrirtækjum til starfsmanna þessi jól. Einföld gjöf og eftirminnileg, segir innflytjandinn, sem seldi sex þúsund tæki. Aðrar fyrirtækjagjafir voru allt frá vasa eftir Alvar Aalto til beinharðra peninga.

**JÓL** Tivoli-útvarpstæki var í jólapakknum hjá starfsmönnum fjögurra íslenskra fyrirtækja af þótt sem Fréttablaðið skoðaði. Starfsmenn Símans, Vodafone, EJS og Glitnis fengu allir útvarpstækin vinsælu í jólapakka sína. Pau kosta upp undir tuttugu þúsund krónur í verslunum.

Þorsteinn Danfelsson, eigandi T.H. Danielsson ehf. sem flytur inn útvarpstækin, segir það ekki koma sér á óvart að tækið sé vinsælasta jólajöfin í ár. Hann hafi sett hátt í sex þúsund sílik fyrir þessi jól.

„Betta er einföld gjöf og eftirminnileg, og það hlusta allir á útvarp. Á móti eru sumar gjafir eins og matarkörfur oft rándýrar og skilja lítið sem ekkert eftir sig,“ segir hann.

Sagt var frá því í norskum fjölmöldum fyrir skömmu að jólajöfum fyrirtækja til starfsfólks og viðskiptavina fær sifellt fækkanandi. Þeim hefði fækkað um fjórðung á síðustu þremur árum. Þar er ástæðan sögð ótti fyrirtækja við spillingarstimpil. Það er greinilega ekki uppi á teningnum hér-lendis, því mikil var um dýrar og veglegar gjafir hjá þeim fyrirtækjum sem skoðuð voru.

Lífeyrissjóður ríkisstarfsmanna gaf til að mynda vasa eftir Alvar Aalto, íslensk erfðagreining gaf þrjáttu þúsund króna gjafabréf hjá Icelandair og Actavis gaf öllum 550 starfsmönnum fyrirtækisins og dótturfyrirtækja hundrað þúsund krónur peningagjöf.

Starfsmenn tölvuleikjafyrirtækisins CCP fengu viðeigandi jólajöf í ár, en í pakkanum var



### TIVOLI-JÓL

Gjafir nokkurra íslenskra fyrirtækja

Actavis	100.000 krónur
Apple	Gjafabréf í Kringleuna
CCP	PlayStation 3-leikjatölvu
EJS	Tivoli-útvarp
Glitnir	Tivoli-útvarp
IceBank	Marimekko-rúmföt
Íslensk erfðagreining	30.000 króna gjafabréf frá Icelandair
Kaupping	Stafraen myndavél
Lífeyrissjóður ríkisstarfsmanna	Alvar Aalto-vasi
Síminn	Tivoli-útvarp
SPRON	Bókin um Kjarval
Vodafone	Tivoli-útvarp

PlayStation 3-leikjatölvu. Hún kostar á milli 40 og 50 þúsund krónur úti í búð.

„Við erum trúir okkar umhverfi og viljum halda fólk við leikjageirann,“ segir Jón Hörðal fram-

kvæmdastjóri. Hann segir gríðarlega ánægju hafa verið með gjöfina meðal starfsmanna, sem eru rétt tæplega þrjú hundruð talsins.

salvar@frettabladid.is/stigur@frettabladid.is

Ritstjóri fullyrðir að lögreglumenn á höfuðborgarsvæðinu séu ósáttir:

## Boða til baráttufundar

**LÖGREGLUMÁL** Landssamband lögreglumanna (LL) og Lögregluþelag Reykjavíkur (LR) boða sameiginlega til fundar um það sem ritstjórar lögreglublaðsins hafa kallað alvarlega bresti í liðsheimi lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu.

Fundurboðið er til allra lögreglumanna en kveikjan að fundinum er pistill ritstjóra lögreglublaðsins í nýjasta hefti þess.

„Umfjöllun fór að stað og þetta var eins og ritstjórin væri að tjá sína eigin skoðun,“ segir Gísli Jökull Gíslason, annar ritstjóra Lögreglublaðsins. Hann segir fundinn vera til að kynna að betta sé ekki þeirra eigin skoðun, „heldur er betta útbreidd almenn skoðun meðal lögreglumanna“.

Fundurinn er næstkomandi föstudag, 28. desember, í BSRB-húsinu og hefst klukkan 16.

Gísli reiknar ekki með neinum „stórum sprengjum“ á fundinum heldur segir hann fundinn vera hálfsíða stuðningsyfirlýsingu. Þá verði kynnt hvað þeir hjá lögregluþelaginu ætli sér að gera í framhaldinu, „svo hlutinnir haldi ekki áfram með þeirri þróun sem verið hefur,“ segir Gísli Jökull.



LÖGREGLUMENN AÐ STÖRFUM LL og LR boða til fundar á morgun klukkan 16.

Lögregluþelag Reykjavíkur hefur tekið yfir skyldur lögregluþelaga á höfuðborgarsvæðinu eftir sameininguna.

- ovd

Óvanur vélslæðamaður: Gaf óvart í og keyrði á vegg

**LÖGREGLUMÁL** Vélslæðamaður ók á vegg á sveitabæ nálægt Selfossi um klukkan hálft fimm í gær. Hann fór með annan fótinn í gegnum rúú og skarst talsvert, samkvæmt upplýsingum lögreglunnar á Selfossi. Hann var fluttur á slysadeild í Reykjavík til aðhlyningara.

Slysidi varð þegar maðurinn, sem var óvanur á vélslæða, gaf í staðinn fyrir að hægja á sér þegar hann ætlaði að leggja sleðanum undir veggnum. Vélslæðinn skemmdist tölvert við áreksturinn.

- sps



## Vilt þú efla orkuna og komast í betra form?



**Goran Superform** er 6 vikna heilsunámskeið sem tryggir þér fullkominn árangur frá byrjun. Þú tekur hröðum framförum og stígur örugg skref í átt að líkamlegri vellíðan.

Námskeiðin byrja 7. janúar  
– kl. 6:30, 7:30, 10:00, 16:30 og 18:30

Grand Spa er með bestu og glæsilegustu heilsulindum landsins og býður viðskiptavinum sínum upp á heildræna slökun, snyrtumeðferðir og líkamsrækt. Þar starfa einstaklingar sem eru í fremstu röð á sínu sviði og leggja sig fram við að veita þér framúrskarandi þjónustu.



**Nudd** – fullkominn streitubani

**La Mer snyrtistofa** – einstakar snyrti- og húðmeðferðir

**Technogym** – nýjustu og bestu líkamsræktartærkin

**Kinesis œfingakerfi** – eykur styrk, jafnvægi og liðleika

**Goran Superform** – örugg en einföld skref í átt að líkamlegri vellíðan

**Ski fitness** – góð líkamsþjálfun sem hjálpar þér að ráða við brekkurnar í fríinu

**Golf fitness** – stuðlar að mykri sveiflu og betri líðan

**Dansþjálfun** – skemmtileg og ögrandi líkamsrækt fyrir einstaklinga á öllum aldrum

**Slökunarrými** – gufubað, nuddpottur og sauna,  
þar sem þú færð háls- og herðanudd

GJALDMIÐLAR	KAUP SALA
Bandaríkjadur	63,64 63,94
Sterlingspund	126,32 126,94
Evra	91,4 91,92
Dönsk króna	12,248 12,32
Norsk króna	11,386 11,454
Sænsk króna	9,683 9,739
Japansk yen	0,5615 0,5647
SDR	99,39 99,99

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR  
121,4348  
HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Trúðar skulu burt af spítolum:  
Trúðar hættir  
að vera fyndnir

**BRETTLAND** Vísindamenn á vegum breskra yfirvalda hafa lagt til að trúðaskreytingar skuli bannaðar á barnadeildum spítala, vegna þess að trúðar skelfi börn.

Rannsókn sem gerð var á 250 börnum á aldrinum fjögurra til sextán ára leiddi í ljós að öllum börnum 250 var illa við trúðatengdar myndir í herbergjum. Jafnvel táníngarnir sögðu trúðana „ognvejkjandi“.

Að því er fram kemur í blaðinu The Daily Telegraph getur trúðafælni (e. coulrophobia) valdið kvíðakostum, andnauð, hjartsláttartruflunum og ógleði hjá þeim sem þjást af fælninni.

- sh

Íbúar fá Holtamannabók:

**Ása** reppur  
gefur jólagjöf

**SUÐURLAND** Algengt er að fyrirtæki gefi starfsmönnum sinum jólagjafir en afar fátítt er að sveitarfélög gefi íbúum sinum gjafir. Hreppsnefn Ása reppur var hins vegar í jólastaki og gaf eintak af nýútkominni Holtamannabók á hvert lögþýli í hreppnum.

Samkvæmt Agli Sigurðssyni varaoddvita er um um það bil sextíu býli að ræða og segir hann að nú þegar hafi um tveir þriðju bókanna verið sóttir. „Þetta er heimildasöfnun og metnaður að hafa skrá yfir íbúa til framtíðar,“ segir Egill.

Bókin, sem er 680 blaðsíður, er hin þriðja í bókaflokkum um íbúa í Rangárvallassýslu. Er hún byggð á frumdrögum Valgeirs Sigurðssonar en Ragnar Böðvarsson og Þorgils Jónasson skrifuðu bókina sem gefin er út af Sveitarfélaginu Rangárþingi ytra.

- ovd



GUÐMUNDUR GUNNARSSON



GYLFÍ ARNTHJÖRNSSON



DAVÍÐ ODDSSON



Kristín Gísladóttir sjúkraþjálfari aðstoðar við val á réttri dýnu alla fimmtudaga á milli kl. 16 og 18.



Opið virka daga: 10-18

Reykjavík: Mörkin 4, s: 533 3500

Fyrirtæki geta neitað samkeppnisyfirvöldum um aðgang að trúnaðargögnum:

## Geta borið fyrir sig trúnað

**SAMKEPPNISMÁL** Íslensk fyrirtæki geta í auknum mæli neitað Samkeppniseftirlitini um aðgang að gögnum sem merkt eru sem trúnaðarmál sjálfstætt starfandi lögfræðinga. Petta segir Margrét Gunnarsdóttir lögmaður um nýjan dóm Evrópuðomstólsins sem fél 17. september síðastliðin.

Samkvæmt dómnunum eru það aðeins gögn milli sjálfstætt starfandi lögmannna og skjólstædinga sem falla undir trúnaðarsamband. Þau gögn eru því undanbegin rannsóknum samkeppnisyfirvalda, en ekki gögn milli innanhússlögmannna og fyrir-

tækja. Margrét býst þó við að dómnun verði áfrýjað til annars dómsstigs.

Páll Gunnar Pálsson, forstjóri Samkeppniseftirlitsins, segir að fyrirtæki hafi hingað til ekki neitað eftirlitinu um gögn á þessum forsendum. „Í íslenskum lögum eru ekki skýr ákvæði um þetta og það hefur ekki reynt á þetta í ákvörðunum eftirlitsins hingað til,“ segir Páll Gunnar. „Það verður bara að koma í ljós þegar þar að kemur hvernig þetta verður túlkað hérlandis.“ - sgj

**HÚSLEIT** Fyrirtæki geta borið fyrir sig trúnaðarsamband við lögfræðinga og neitað að afhenda samkeppnisyfirvöldum gögn.



Löggregla bjóst við jólabrennu:

## Engin dólgslæti í Grindavík í ár

**LÖGREGLUMÁL** Grindavískum umgmennum tökst ekki að skemmta sér yfir óleglegri jólabrennu þetta árið eins og oft undanfarin ár. Löggreglan á Suðurnesjum var kölluð út í fyrrinótt eftir að eldur var borinn að bálkesti í bænum en þegar hana bar að hafði eldurinn verið slökktur.

Löggreglan hafði aukinn viðbúnað í bænum vegna reynslu undanfarinna ára, en nokkrum sinnum hefur komið til stimpinga mikil löggreglu og umgmennum sem telja löggreglu og slökkvilið spilla gleði sinni og reyna að hindra slökkvistar.

- sh

# Segir Davíð loks viðurkenna slælega stjórн efnahagsmála

Formaður Rafiðnaðarsambandsins segir að seðlabankastjóri hafi í viðtali viðurkennt það sem aðrir hafi lengi bent á varðandi slaka efnahagsstjórn landsins. Misskipting fer vaxandi, segir framkvæmdastjóri ASÍ.

**EFNAHAGSMÁL** „Ég held að þetta sé í fyrsta skipti sem seðlabankastjórin viðurkennir að það hafi kannski ekki allt verið rétt sem beir hafa haldið fram,“ segir Guðmundur Gunnarsson, formaður Rafiðnaðarsambands Íslands. „Það er vonandi að hann sé eithvað aðeins farinn að sjá það sem við höfum talað um.“

Í viðtali við Davíð Oddsson seðlabankastjóra í Ríkisútvarpinu sagði hann að eftir á að hyggja mætti segja að Seðlabankanum hefði ekki tekist nægilega vel upp í aðgerðum sínum gegn verðbólgu á árinu. Í ljós hefði komið að hagvöxtur hefði verið mun meiri en upplýsingar voru um á þeim tíma. Þannig mætti vera vitur eftir á.

„Við erum búnir að vera að benda á það í nokkurn tíma að staðan sem hefur verið síðustu tvö ár sé afleiðing feykilega mikilla framkvæmda sem ollu því að lánsfé streymdi til landsins og fór inn í hagkerfið. Efna-



**BYGGINGAFRAMKVÆMDIR** Guðmundur Gunnarsson, formaður Rafiðnaðarsambands Íslands, segir stöðuna í dag vera afleiðingu feykilega mikilla framkvæmda sem ollu því að lánsfé streymdi til landsins og fór inn í hagkerfið.

hagsstjórnin hefur ekki verið merkileg; menn hafa setið með hendir í skauti og horft á fjármagn streyma inn án þess að reyna að stjórná því.“

Guðmundur segist telja að með þessu viðtali sé Davíð í fyrsta skipti að viðurkenna það sem mennti verið að benda á varðandi efnahagsstjórn landsins.

Í viðtalinu sagði Davíð einnig að árið hafi verið gott fyrir Íslendinga. Atvinnuleysi hafi verið lítið, kaupmáttur fari mjög

vaxandi og eignamyndun sé mikil. Þótt mismikið fari til hvers og eins hafi margt jákvætt gerst.

Gylfi Arnþjörnsson, framkvæmdastjóri Alþýðusambands Íslands, segir erfitt að taka undir með Davíð nema einblínt sé á meðaltalið. „Hvað sem eignamyndun líður fer misskiptingin vaxandi, þar sem helmingur þjóðarinnar hefur mátt bola skerðingu kaupmáttar. Staðan er þannig í dag að ungt fólk eða fólk

með meðaltekkjur hefur ekki ráð á því að eignast þak yfir höfuði,“ segir hann.

„Ef menn vilja einblína á meðaltalið getur maður tekið undir með Davíð að það hafi verið mjög gott, en meðaltalið dekkar mikla misskiptingu frá því að hafa það gríðarlega gott í að hafa það skítt.“

EKKI NÁÐIST í Vilhjálm Egilsson, framkvæmdastjóra Samtaka atvinnulífsins, við vinnslu fréttarinnar.

salvar@frettabladid.is

## VEÐURSPÁ

um hádegi »



um hádegi »

Kaupmannahöfn	5°C alskýjað	London	13°C léttskýjað	Friedrichshafen	4°C hálfskýjað
Billund	7°C skúr	París	10°C alskýjað	Lúxemborg	3°C alskýjað
Ósló	5°C rigning	Amsterdam	8°C alskýjað	Alicante	16°C hálfskýjað
Stokkhólmur	3°C alskýjað	Frankfurt	2°C alskýjað	Róm	10°C hálfskýjað
Gautaborg	7°C skúr	Berlin	2°C heiðskýjað	Las Palmas	20°C hálfskýjað

\* Vindhraði er í metrum á sekundú.

DEBENHAMS  
**útsalan**  
hefst í dag  
kl. 11:00

**30 til 70%**  
afsláttur af völdum vörum

KOMDU OG GERÐU GÓÐ KAUP!



DEBENHAMS  
-FER ÞÉR VEL!



Borðaðir þú rjúpur í jólamatinn í ár?

Já	11%
Nei	89%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Först þú í jólaköttinn?

**visir**



TÍGRISDÝR TATIANA Tatiana var feld eftir að hún hafði ráðist á þrjá gesti dýragarðsins.

NORDICPHOTOS/AFP

Síberíutígrisdýr slapp úr búri:

## Drap einn og særði two aðra

**BANDARÍKIN, AP** Tígrisdýr varð einum manni að bana og særði two aðra alvarlega í dýragarðnum í San Francisco á þriðjudag. Dýrið slapp úr búri sínu rétt fyrir lokun, en fáir gestir voru í garðinum.

Lík mannsins sem lést fannst skammt frá tígrisdýrabúrinu, en hinir tveir fundust við kaffihús í 300 metra fjarlægð. Tígrisdýrið sat við hlíðina á öðrum manninum þegar löggreglu bar að garði og var það skotið umsvifalaust.

Fórnarlömbin brjú voru allt menn á þritugsaldri. Þeir sem lífðu árásina af eru ekki taldir í lífshættu.

- þeb

Mikil flóð og aurskriður vegna rigninga á Jövu:

## Áttatíu eru taldir af í Indónesíu

**INDÓNESÍA, AP** Að minnsta kosti áttatíu manns hafa láttist eða er saknað eftir að aurskriður félundu á eyjunni Jövu í Indónesíu í gær. Þá hafa þúsundir manna þurft að leita skjóls eftir að flóð og aurskriður eyðilögðu hús peirra. Mikil flóð og rigningar hafa verið í Indónesíu að undanfóru.

Aðstæður til björgunar eru víða slæmar. Ófært er um vegi vegna aurskriðna og hafa hermenn, löggreglumenn og sjálfböðalíðar þurft að grafa eftir fólk með berum höndum. Vegna ófærðarinnar hafa björgunarsveitir ekki komist að



LEITAD AD TÝNDUM Hermann og sjálfböðalíðar leita að fólk eftir aurskriðu í Tawangmangu á eynni Jövu.

NORDICPHOTOS/AFP

afskekkum svæðum. Að sögn embættismanna á svæðinu er

því óttast að fjöldi látinna muni hækka á næstu dögum.

Versta tilvikið sem kom upp í gær var í Karanganyar. Þar voru sextíu manns í matarboði að fagna því að tekist hafði að hreinsa auri þakið hús, þegar aurskriða fél og fólkio grófst undir.

Nákvæmlega þrjú ár voru í gær liðin frá því að stóri flóðbylgja skall á brettán löndum í Suður-Asíu og var þess minnst víða um álfuna í gær. Indónesía var það land sem varð hvæð verst úti í flóðbylgjunnar á annan í jólum 2004, en þá léttast að minnsta kosti 128 þúsund manns þar í landi.

- þeb

Upptök eldsins ókunn: Eldur í bílskúr á Seltjarnarnesi

**LÖGREGLUMÁL** Eldur kvíknaði í bílskúr á Seltjarnarnesi um klukkan nið að kvöldi jóladags. Tveir slökkviliðsbíflar voru sendir á vettvang, og náðist fljótegla að slökkva eldinn. Enginn var í hættu.

Samkvæmt upplýsingum frá slökkviliði höfuðborgarsvæðisins skemmdist bílskúrinn töluver. Reykræsta þurfti íbúðina við hlíðina á honum, en enginn eldur barst þangað inn. Ekki liggur fyrir hvernig eldurinn kom upp en grunur leikur á að hann hafi kvíknað út frá ísskáp í skúrnum. Málið er komið í hendur rannsóknardeilda löggreglu.

- sþs

## Bretar óttast að nýtt megrunarlyf verði misnotað

Megrunarlyfið Alli verður líklega fáanlegt í Bretlandi á næstunni. Fimm til tíu prósent pyngdartap á fjórum mánuðum og verður fáanlegt án lyfseðils. Ekki er vitað til þess að lyfið sé á leið hingað til lands.

**HEILBRIGDISMÁL** Nýtt megrunarlyf sem fullyrt er að létti fólk um fimm til tíu prósent pyngdar sinnar er að öllum líkendum á leið á markað í Bretlandi á næstu mánuðum. Lyfið heitir Alli og verður fáanlegt án lyfseðils, en það er vægari útgáfa af megrunarlyfinu Xenical sem aðeins fæst gegn lyfseðli.

Fyrirtækið GlaxoSmithKline hefur sótt um leyfi til þess að selja lyfið í Bretlandi, en fyrirtækið hefur selt lyfið í Bandaríkjunum undanfarið með góðum árangri. Dagsskammtur af lyfinu mun kosta eitt sterlingspund.

Offita er vaxandi vandamál í Bretlandi, en landsmenn eru orðnir feitasta þjóð Evrópu. Talsmann GlaxoSmithKline segja lyfið vera hvetjandi fyrir þá sem nú þegar séu í megrun. Þeir geti tekið töflu með hverri máltíð, auk þess sem þeir hreyfi sig og borði holtt. Læknar í Bretlandi hafa þó áhyggjur af því að lyfið verði misnotað og fólk muni eingöngu taka töflurnar.

Lyfið Alli virkar þannig að það hindrar líkamann í því að taka

upp fitu úr fæðunni. Fitau meltist ekki og fer því úr líkamanum með öðrum úrgangi í stað þess að setjast á líkamann. Lyfið getur þó einnig trufað upptöku vitamína úr fæðunni. Þá fylgja lyfinu aðrar óskemmitilegar aukaverkanir, aðallega mikill vindgangur og niðurgangur.

Gareth Williams, læknisfræðiþrófessor við Bristol-háskóla, fjallar um leyfi í nýjasta tölublaði breska læknablaðsins. Þar spáir hann því að vegna fyrrefndra aukaverkana muni fólk ekki endast lengi í töku lyfins. Þá segir hann einnig að meðallíkami brenni 100 hitaeiningum aukalega á dag vegna lyfins.

„Sama árangri væri hægt að ná með því að skilja nokkrar franskar kartöflur eftir á diskinum eða fá sér epli í staðinn fyrir ís,“ segir Williams.

Lyfjafræðingar hjá Lyfjastofnun, sem Fréttablaðið ræddi við, könnuðust ekki við að sótt hefði verið um markaðsleyfi fyrir lyfið hér á landi.

thorunn@frettabladid.is



ALLI því er lofað að bæði menn og konur geti lést um fimm til tíu prósent með því einu að taka megrunarlyfið Alli. Það hefur verið á markaði í Bandaríkjunum í rúmt hálf ár og verður líklega komið á markaði í Bretlandi innan skamms.

NORDICPHOTOS/GETTY

## HUGSAÐU VEL UM HÚÐINA



**DECUBAL**  
KVEÐJUM PURRA HÚD

ÞÚ FÆRD DECUBAL  
Í NÆSTA APÓTEKI



STJÖRNUPOKUR Í GEIMNUM Eitt af undrum alheimsins.

MYND/NASA

Allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna:

## Árið 2009 verður ár stjörnufræðinnar

**MENNTUN** Nýverið tilkynnti alls-herjarþing Sameinuðu þjóðanna að árið 2009 yrði alþjóðlegi ár stjörnufræðinnar (IYA2009). Með því er vakinn athygli á stjörnufræði og raunvisindum og stuðlað að betri skilningi á þeiri alþjóðlegu auðlind sem fólgin er í andlega hvetjandi áhrifum og innblæstri stjarnvísinda.

Um leið er haldið upp á þann atburð í sögu raunvisinda þegar Galileó beitti fyrstur manna sjónauka til rannsókna í stjörnufræði. Ær það talið upphaf 400 ára sögu mikilla uppgötvaná í stjörnufræði og vísindabyltingar sem hafði djúpstæð áhrif á hugmyndir manna um alheiminn.

Segir í tilkynningu að alþjóða

árið IYA2009 sé friðsamleg samvinna þjóða þar sem leitað sé svara við spurningunni um rætur okkar og upphaf í alheimi, samteinlega arfleid jarðarbúa.

Einar H. Guðmundsson, prófessor í stjarnedlisfræði og formaður íslensku IYA2009-nefndarinnar, segir haldið upp á viðburðinn með margvíslegum hætti, meðal annars með fyrirlestrum, fræðslu um stjörnusjónauka og þátttöku í stjörnuteitum þar sem stjörnuhimininn verður skoðaður. Einnig munu stjarnvísinda- og stjörnuáhugamenn vinna með kennurum og nemendum í skólum landsins. Þá er ætlunin að fræða landsmenn um sögu stjarnvísinda á Íslandi.

- ovd

Reyndi að hylja spor sín: Dekkastingur á stjá á jolanótt

**LÖGREGLUMÁL** Mái manns sem stakk á hjólbardá fimm löggreglubila hjá löggreglunni á Suðurnesjum á jolanótt er nú í rannsókn. Hann var yfirheyrður í fyrradag og sleppt að því loknu.

Maðurinn virðist hafa skemmt biflana til að hefna sín á löggreglunni, en hann hafði verið stöðvaður fyrir ölvunarakstur fyrr um kvöldið. Hann fór síðan heim til sín, og reyndi að villa um fyrir löggreglu með því að fara úr skónum síðustu skrefin. Þetta gerði hann til að erfiðara væri að rekja spor hans.

Það dugði ekki, og var maðurinn handtekinn stuttu síðar.

- sþs

## LÖGREGLURÉTTIR

### Skullu saman á Kjalarnesi

Tveir bílar skullu saman á Kjalarnesi hjá gatnamótum við Hvalfjarðarveginn á jöldag. Báðir bílnir fóru út af veginum við áreksturinn. Fólkvið sem var í bílunum slasaðist ekki alvarlega.

### Bílslys í Borgarfirði

Einn var fluttur á heilsugæsluna í Borgarnesi eftir að bifreið for út af vegi á mótu Borgarfjarðarbrautar og Reykhóladalsvegar í gærdag. Fjórir voru í bílum, sem er mikil skemmdur. Mikill snjór og hálka var í Borgarfirði þegar slysið varð.



Tveir sjálfboðaliðar Slysavarnafélagsins Landsbjargar í óveðursútkalli 14. desember sl. Verið er að festa lausa stillansa á 4. hæð í nýbyggingu við Hlíðarsmára í Kópavogi.

# Um 1400 útköll á ári!

Árið 2007 hefur eins og undanfarin ár verið mjög viðburðaríkt hjá okkur og verkefnin margvísleg. Síðustu vikur höfum við sinnt hundruðum útkalla m.a. vegna óveðurs sem gengið hefur yfir landið. 1400 útköll á ári þýðir að björgunarsveitir okkar fara að meðaltali í 3,8 útköll á dag!

Meðal þessara fjölmörgu útkalla má nefna aðstoð vegna óveðurs, ófærðar, sjóslysa, flóða og skipsstrands.



**FLUGELDAMARKAÐIR  
BJÖRGUNARSVEITANNA**

Þú þekkir flugeldamarkaði björgunarsveitanna og vörur okkar á þessu merki.

Þú getur stutt á öflugan hátt við björgunarstarfið með því að kaupa flugeldana af okkur því flugeldasalan heldur okkur gangandi.

Aðalbakhjarlar Slysavarnafélagsins Landsbjargar eru:



– berst fyrir lífi þínu



**1.** Hversu mikil hefur dregið úr töbakssölu frá því í fyrra samkvæmt nýjum tölum?

**2.** Hvaða áströlsku leikkonu langar til þess að sjá norðurjósin?

**3.** Hvaða þekkt verslunarkeðja ætlað að senda frá sér fatalinu gegn alnæmi?

SVÖRIN ERU Á SÍDU 46

Símatími RKÍ lengdur:

## Opið allan sólarhringinn

**FÉLAGSMÁL** Hjálparsími Rauða krossins, 1717, er opinn allan sólarhringinn allt árið um kring. Þá hefur opnunartími Konukots, athvars fyrir heimilislausar konur, verið lengdur frá Þorláksmessu til nýrðsdays og verður opið allan sólarhringinn.

Rauði krossinn, Mæðrastyrknesnd, Hjálparstarf kirkjunnar og fleiri standa sameiginlega fyrir jólaaðstoð fyrir fólk. Er aðstoðin, sem bæði er veitt einstaklingum og fjölskyldum, helst framlög og fataútlutunir.

Vinna við jólaaðstoðina er að miklu leyti unni af sjálfbodaliðum og starfsmönnum ofangreindra félagasamtaka.

Þá sáu sjálfbodaliðar einnig um hátiðarmáltið fyrir gesti Vinjar í gær en Vin er athvarf RKÍ fyrir fólk með geðraskanir.

- ovd

Seltjarnarnes leggur minnst á íbúa sína af sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu:

## Tvö sveitarfélög lækka útsvar

**EFNAHAGSMÁL** Þrjú sveitarfélög leggja lágmarksútsvar á íbúa sína en bað eru Skorradalshreppur, Helgafellssveit og Ásahreppur. Lágmarksútsvar er 11,24% prósent og hámarksútsvar 13,03% prósent.

Langflest sveitarfélög á Íslandi leggja hámarksútsvar á íbúa sína, eða 64 af 79 sveitarfélögum. Tvö sveitarfélög lækka útsvarið. Eru bað Seltjarnarneskaupstaður og Kjósarhreppur.

Jónmundur Guðmarsson, bæjarstjóri á Seltjarnarnesi segir það markvissa stefnu meirihlutans að lækka álögur og stilla opinberum gjöldum í hóf. „Slíkt kallar á aga í

rekstri sveitarfélagsins og okkur hefur gengið vel að reka bæinn. Þetta er í þrója sinn á stuttum tíma sem við lækkum álögur, bæði útsvar og fasteignagjaldastuðla, og erum sennilega lægstir af stærri sveitarfélögum,“ segir Jónmundur.

Flest sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu leggja hámarksútsvar á íbúa sína. Reykjavíkurborg, Hafnarfjarðar-



JÓNMUNDUR  
GUÐMARSSON

### ÚTSVAR SVEITARFÉLAGA

Sveitarfélag	2007	2008
Skorradalshreppur	11,24%	11,24%
Helgafellssveit	11,24%	11,24%
Ásahreppur	11,24%	11,24%
Seltjarnarnes	12,35%	12,10%
Kjósarhreppur	13,03%	12,53%

HEIMILD: FJÄRMÁLARÁÐUNEYTIÐ

kaupstaður, Kópavogsbær og Sveitarfélagið Álfntanes leggja öll 13,03% prósenta útsvar á sína íbúa. Lægri álagsgreiðslur eru í Garðabæ að sem leggur 12,46% prósent á íbúa sína og Mosfellsbær leggur 12,94% prósent á íbúa sína.

- ovd

Framdi morð og sjálfsmorð:

## Faldi líkið undir jólatrénu

**BRETLAND** Lögregla í Englandi rannsakar nú lát hjóna í Sussex. Gengið er út frá því að maðurinn hafi myrt konu sína og framíð sjálfsmorð í kjölfarið.

Hjónin, sem bæði voru á sjötugsaldri, fundust látin í bænum Chiltington á aðfaranótt aðfangadags. Lögregla fann manninn í bíl sínum eftir að hann hafði keyrt á tré. Lögregluþjónar fóru því að heimili hjónanna til þess að tilkynna konu hans um slysíð. Þegar þangað var komið fundu þeir lík hennar undir jólatré fjlóskyldunnar.

- þeb

## Vill rífa flugskýli Norðurflugs

Reykjavíkurborg krefst niðurrifs flugskýlis Norðurflugs við Reykjavíkurflugvöll. Skýlið var byggt með munnlegu leyfi frá flugmálastjórn en er nú fyrir Háskólanum í Reykjavík.

**SKIPULAGSMÁL** Flugskýli Norðurflugs við Reykjavíkurflugvöll er réttlaust, segir borgarlögmáður, og verður að víkja fyrir Háskólanum í Reykjavík.

Nýtt deiliskipulag fyrir svæðið þar sem flugskýli Norðurflugs stendur var samþykkt í sumar. „Að sögn framkvæmdastjóra þróunar- og nýsköpunarsviðs Háskólangs í Reykjavík er nauðsynlegt að flugskýlið fari fljótega því á umræddu svæði eru fyrirhugaðar vegaframkvæmdir og fleira,“ segir í erindi Kristbjargar Stephensen borgarlögmanns til borgarráðs.

Flugskýli 9 á Reykjavíkurflugvelli, sem byrjunustufyrirtækið Norðurflug keypti í júní 2006, var byggt árið 1962 fyrir þyrlurekstur samkvæmt munnlegu leyfi flugmálastjórnar með því skilyrði að það yrði rifið innan sex mánaða ef flugmálastjórn kreföst hess.

Norðurflug krefst bóta fyrir skýlið sjálf og tjón sem félagið hafi orðið fyrir vegna skipulagsbreytinganna með því að þurfa að leigja

aðra aðstöðu í stað skýlisins. Félagið segir uppgjör meðal annars geta falist í úhlutun lóðar innan marka flugvallarins. Borgarlögmáður tekur því ólíklega:

„Umrætt flugskýli er án lóðarréttinda og á því hvílir brottflutningskvöð,“ segir í umsögn borgarlögmanns, sem telur að ef borgin reynist bótaskyld nái bæturnar aðeins til skýlisins eins og bað var áður en Norðurflug réðist í endurbætur og stækkun á því sem hafi verið óheimilar. Ákvörðun um nýja lóð fyrir Norðurflug verði meðal annars að taka í samræmi við fyrirætanir um þróun flugvallarins.

Borgarráð hefur samþykkt að krefjast bess að Norðurflug sjái til þess að skýlið verði á bak og burt innan sex mánaða. Annars muni borgin annast það verk að kostnað félagsins.

Hvorki Sigtryggur Leví Kristófersson, forstjóri Norðurflugs, né Sigurður G. Guðjónsson, lögmaður félagsins, vilja tjá sig um málid á bessu stigi.



SNORRI GEIR STEIN-GRÍMSSON Þýrluflugmaður Norðurflugs við flugskýli félagsins sem Reykjavíkurborg krefst að verði rifið.

Snorri Geir Stein-Grimsson, þýrluflugmaður Norðurflugi, segir skipulagsmál á Reykjavíkurflugvelli vera í sjálfheldu. „Flugvöllurinn á auðvitað að vera þar sem hann er en mikilvægast fyrir alla í fluginu er að tekin verði lokákvörðun um framtíð vallarins þannig að menn geti gert áætlanir til framtíðar,“ segir Snorri Geir.

gar@frettabladid.is

## SPRENGITILBOD MILLI JÓLA OG NÝÁRS



**GERÐU GÓÐ KAUP ÞVÍ VIÐ RÝMUM  
FYRIR NÝJUM NÝJUM VÖRUM**

**50.000.– 500.000. kr.  
AFSLÁTTUR  
Á 2007 ÁRG. OG NOTUÐUM  
FERÐAVÖGNUM**



**VERÐDÆMI**  
**TJALDVAGN** kr. 410.000.- **TILBOD**  
Trigano Odyssee kr. 250.000.-

**FELLIHÝSI** kr. 1.350.000.- **TILBOD**  
Palomino Yearling 2005 kr. 990.000.-

**HJÓLHÝSI** kr. 2.450.000.- **TILBOD**  
TEC Travel king 2006 kr. 2.000.000.-

10974



OPNUNARTÍMI:

FIMMTUDAG OG FÖSTUDAG 10.00 - 18.00

LAUGARDAG

12.00 - 16.00



TJALDVAGNALAND  
**SEGLAGERÐIN ÆGIR**

Eyjarslóð 5 101 Reykjavík  
S: 511 2200 www.seglagerdin.is

jane  
norman

ÚTSALA  
**50%**  
allt að  
afsláttur

opið á gamlársdag frá kl. 10-13

jane  
norman  
Smáralind

útsala  
**50-70%**  
afsláttur

opið á gamlársdag frá kl. 10-13

oasis

KRINGLAN | SMÁRALIND | DEBENHAMS

ÚTSALA  
**50-70%**  
afsláttur

opið á gamlársdag frá kl. 10-13

TOPSHOP

SMÁRALIND | KRINGLAN



**PUNG ÁTTA** Fílefl dir menn báru risavaxna „áttu“ yfir Times Square í New York í Bandaríkjunum. „Áttan“, sem vegur 227 kíló, er hluti af skilti sem markar ártalid 2008 og verður uppljómað þegar klukkan slær tólf á miðnætti á gamlárvöld.

NORDICPHOTOS/AFP

Bæjarstjórn Bolungarvíkur vill sjá réttlátari skiptingu fjármuna:

## Ósáttur við beiska jólagjöf

### BOLUNGARVÍK

Bæjarstjórn Bolungarvíkur lýsir í bókun sinni yfir miklum vonbrigðum með að einungis tvær milljónir af einum milljarði mótvægisáðgerða ríkisstjórnarinnar skuli koma í hlut Bolungarvíkur.

Fjármagnið er ætlað til viðhalds opinberra bygginga en Bolungarvík segja rót vandas vera að þar sé hlutfallslega lítið af húsnæði í eigu ríkisins.

„Auðvitað á að útdeila þessum peningum til viðhalds á húsum í eigu sveitarfélaga því þá eru kominn í mótvægisáðgerðir,“ segir Grímur Atlasson, bæjarstjóri í Bolungarvík. „Það er bara



**BOLUNGARVÍKURKAUPSTADUR** Bolungarvík fær tvær milljónir af mótvægisáðgerðum ríkisstjórnarinnar.

FRÉTTABLAÐID/PJETUR

verið að laga hús í eigu ríkisins og með bessari formílu eru sum sveitarfélög að fá mörg hundruð

milljónir á meðan önnur sveitarfélög fá fimmtíu þúsundkalla.“

Grímur segir mótvægisáðgerðir snuast um að koma til móts við þau sveitarfélög sem eru í vanda. „Það er hrein móðgun við okkur að tengja þessar aðgerðir við borskeiðar. Það er svo illa komið fram við þessi sveitarfélög að ríkisstjórnin ætti að skammast sín.“

Skorar Bæjarstjórn Bolungarvíkur á ríkisstjórnina að veita auknum fjármunum til minni sveitarfélaga og bæta þannig upp hluta þess tekjutaps sem sveitarfélöginn verða fyrir vegna niður-skurðar á kvóta.

- ovd

- ovd

Saga Capital styrkir FSA:

## FSA fær nýjan beinþéttnimæli

**AKUREYRI** Nýverið styrkt Saga Capital Fjárfestingarbanki Fjörðungssjúkrahúsið á Akureyri (FSA) til kaupa á nýjum og fullkomnum beinþéttnimæli.

Eldri mælir sjúkrahússins er óstarfhæfur vegna bilana og hafa Norðlendingar þurft að fara til Reykjavíkur í mælingar.

Kostnaður við nýjan beinþéttnimæli er áætlaður um tíu milljónir króna en í haust hratt FSA í samvinnu við Beinvernd af stað fjaröflunarherferð til söfnunar á nýjum mæli. Styrkur Saga Capital er upp á tvær milljónir króna.

- ovd

## Skrifstofuvörur - á janúartilboði

Katrin Edda Svansdóttir,  
sólmáður í þjónustuveri RV



**Á tilboði  
í janúar 2008**  
Bréfabindi, ljósritunarpappír,  
töflutússar og skurðarhnífur



148 kr. stk.

Bréfabindi A4, 8 cm kjörlur



1.398 kr. ks.

5 x 500 blöð í ks.

### Rekstrarvörur

- vinna með þér

Réttarhálsi 2 • 110 Reykjavík  
Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665  
sala@rv.is • www.rv.is



RVUNIQUE 010802



**FLÓKIN FRAMKVÆMD** Umboðsmaður Alþingis telur vinnu fanga verða að samrýmast skattalögum þannig að þeir greiði skatta og njóti félagslegra réttinda.

## Fjárveiting ekki fengist

Fagnar hafa ekki notið sömu starfsréttinda og aðrir launamenn þar sem fangelsisyfirvöld hafa ekki fengið fjárveitingu til þess. Valtrýr Sigurðsson fangelsismálastjóri segir flókið að breyta kerfinu.

**VINNUMARKAÐUR** Fangelsisyfirvöld hafa ekki fengið fjárveitingar til að geta greitt föngum sem hverjum örðum launþegum, staðið skil á sköttum og veitt þeim þau félagslegu réttindi sem þeim ber. Þetta segir Valtrýr Sigurðsson fangelsismálastjóri.


Umboðsmaður Alþingis hefur komist að beirri niðurstöðu að greiðslur fyrir vinnu fanga beri að færa til þess horfs að þær samrýmist skattalögum. Valtrýr segir að flókið sé að gera 250 manns, sem komi inn í fangelsin á ári og fái þar tekjur, að ríkisstarfsmönnum.

„Það þarf að gæta sérstaklega að persónuvernd þannig að ekki sé hægt að tengja nöfn mannanna við fangelsi. Ráða þarf að minnsta kosti einn og hálfan starfsmann til að annast þessar launagreiðslur og skattameðferð og hækka laun fanga, ekki síst vegna launatengdra gjalda. Þetta er kostnaður upp á 15-20 milljónir á ári,“ segir hann.

Valtrýr bendir á að með því að líta á þóknun fanga sem undanþegna skatti, eins og sé á hinum Norðurlöndunum, geti makar nýtt persónuafslátt fanga.

„EKKI hefur náð að breyta skattalögum í þá átt að gera þóknun fanga undanþegna skatti. Þetta hefur verið vitað í mörg ár og verið reynt að fá ríkisskattstjóra til að fara í þessa lagabreytingu og samþykki hana en það hefur strandað á fjármálaráðuneytinu, síðast núna í haust,“ segir Valtrýr og bætir við að reynt hafi verið að mæta félagslegum réttindum fanga jafnóðum og slík mál hafi komið upp, t.d. varðandi slysatryggingar.

Magnús Einarsson, formaður



**RÁÐA ÞARF STARFSMENN** „Ráða þarf að minnsta kosti einn og hálfan starfsmann til að annast þessar launagreiðslur,“ segir Valtrýr Sigurðsson fangelsismálastjóra.

Afstöðu, félags fanga, segir að fagnar fagni niðurstöðu Umboðsmanns Alþingis. „Réttindum fanga er ábótant. Þó svo að Umboðsmaður Alþingis hafi gert athugasemdir við þetta þá búumst við ekki við stórvægilegum breytingum á næstunni en við fögnum bessari umræðu. Þannig öflum við okkur réttinda,“ segir hann.

Magnús bendir á að það geti komið sér mjög illa fyrir fanga sem losna úr fangelsi að hafa ekki náð að safna neinum réttindum, til dæmis hjá stéttarfélögum og í lifeyrissjóðum. Þeir verði í raun að byrja frá grunni þegar þeir losna úr fangelsi.

għs@frettabladid.is

**KOMMIÐI BÍÓ**

**THE GOLDEN COMPASS**

**20% afsláttur af miðaverði**

**Viðskiptavinir, sem greiða með korti frá SPRON, fá 20% afslátt af miðaverði á myndina**

75 ára | **SPRON**


# ÚTSALAN ER HAFIN!

27. des. - 13. jan.



Opið 10-20 virka daga | laugardaga 10-18 | Sunnudaga 12-18 | [www.IKEA.is](http://www.IKEA.is)

**Svona erum við**  
>> Kvenkyns lögreglumenn



HEIMILD: HAGSTOFA ÍSLANDS

## baksvið

fréttir og fróðleikur

**SJÓNARHÓLL**  
VLADIMÍR PÚTÍN, MAÐUR ÁRSINS

### Hylla olíukónginn Pútín

„Ég hef ekki hugmynd um það út frá hverju þeir ganga,” segir Árni Bergmann um ákvörðunum tímartsins Time

að velja Vladimir Pútín Rússlandsforseta mann ársins. „Ég var að horfa á heimildarmynd um feril Pútíns og það var sýnt hvernig

menn umgangast hann með lotningu og vinsemdu.

Það er aðallega vegna þess hvað hann situr á miklu gasi og mikilli oliu. Þannig að þetta er aðallega hylling til olíukóngsins Pútín. Í raun og veru felst styrkur Pútíns, bæði innanlands og utan, í því hvernig hann hefur endurheimt undir ríkið yfirráð yfir olíuðnaðinum og hvernig hann hefur notað þau yfirráð til að fóðra þá auðkýfinga sem honum eru vinsamlegir. Hann hefur notað olíufirráðin til að gera Rússland sterkara í hinum alþjólega taflí.

Olíuverð hefur hækkað og því eru

Rússar betur settir í alþjóðavíðskiptum en áður. Menn hafa alltaf falleg

orð um lýðræði og mannréttindi, en

þegar verið er að velja svona mann

sem mann ársins snýr það meira um

hvort hann situr á olíu eða ekki. Menn

rífa ekki kjaft út af mannréttindum

nema við þá sem lítils mega sín.”



**ÁRNI BERGMANN**  
Rithófundur

„Ég hef ekki hugmynd um það út frá hverju þeir ganga,” segir Árni Bergmann um ákvörðunum tímartsins Time að velja Vladimir Pútín Rússlandsforseta mann ársins. „Ég var að horfa á heimildarmynd um feril Pútíns og það var sýnt hvernig

menn umgangast hann með lotningu og vinsemdu.

Það er aðallega vegna þess hvað

hann situr á miklu gasi og mikilli oliu. Þannig að

þetta er aðallega hylling til olíukóngsins Pútín. Í raun og veru felst styrkur Pútíns, bæði innanlands og utan, í því hvernig hann hefur endurheimt undir ríkið yfirráð yfir olíuðnaðinum og hvernig hann hefur notað þau yfirráð til að fóðra þá auðkýfinga sem honum eru vinsamlegir. Hann hefur notað olíufirráðin til að gera Rússland sterkara í hinum alþjólega taflí.

Olíuverð hefur hækkað og því eru

Rússar betur settir í alþjóðavíðskiptum en áður. Menn hafa alltaf falleg

orð um lýðræði og mannréttindi, en

þegar verið er að velja svona mann

sem mann ársins snýr það meira um

hvort hann situr á olíu eða ekki. Menn

rífa ekki kjaft út af mannréttindum

nema við þá sem lítils mega sín.”

## Tækifæri til efldra tengsla

Nýr sendiherra Frakklands, Olivier Mauvisseau, segir gamla ósk hafa ræst er hann var skipaður í stöðuna. Hann segir franska herinn og frönsk stjórnvöld lita á þátttökum í eftirliti með lofthelginni hérlandis sem kærkomið tækifæri til að auka tengslin við Ísland.

Fyrstu orrustuboturnar sem hafa munu bækistöðvar á Keflavíkflugvelli eftir að þær bandarísku hurfu þaðan sumarið 2006 verða fransk. Frönsk flugsveit mun í vor stunda æfingar og eftirlit í íslensku lofthelginni um nokkurra vikna skeið, innan ramma samkomulags um lofthelgiefirlið sem Ísland hefur gert við NATO. Þar sem það er söguleg nýlunda að franskur herþotur athafni sig á Íslandi er Mauvisseau fyrst spurður hvort koma þeirra endurspeglir nýja stefnu af hálfu Frakklandsstjórnar; hvort hún sé með því að senda þoturnar hingað að leita eftir virkara samstarfi við Íslandinga um öryggis- og varnarmál?

### Ahugi á öryggi norðurslóða

„Pegar Ísland kom fyrst fram með boðið innan NATO um að NATO-bjóðir sendu flugsveitir til þátttökum í lofthelgiefirliði og æfing-

um á Íslandi frá og með vorinu 2008 vakti það strax mikinn áhuga innan franska hersins. Að því komst ég þegar ég fór á fundi í ráðuneytum og í höfuðstöðvum hersins í Paris eftir að ákveðið hafði verið í haust að ég tæki við sem sendiherra í Reykjavík,” svarar Mauvisseau.

„Allir viðmælendur míni, bæði í höfuðstöðvum hersins, í varnar-málaráðuneytinu og á alþjóðaskrifstofu utanríkisráðuneytisins, höfðu orð á því hversu áhugavert betta væri, bæði hernaðarlega og sem tækifæri til að eiga skoðana-skipti við Íslandinga um öryggis-

” [Frakkar eru] bæði áhugasamir um hernaðarlegan þátt verkefnisins og hið pólitíkska samráð sem því fylgir.

**OLIVIER MAUVISSEAU**  
SENDIHERRA FRAKKLANDS

mál á Norður-Atlantshafssvæðinu,” segir sendiherrann. „Þeir voru sem sagt bæði áhugasamir um hernaðarlegan þátt verkefnisins og hið pólitíkska samráð sem því fylgir.“

Spurður hvort bráðun heimskautsíssins og horfurnar á aukinni skipaumferð um norðurslóðir og nýju kapphláupi um auðlindir í Norðurhöfum eigi þátt í þessum áhuga franskra stjórnvalda svarar Mauvisseau að vissulega sé það svo. „Við Frakkar látum okkur petta sjálfsgagt minna varða en þær bjóðir sem næst liggja Norðurhöfum, svo sem Norðurlönd, Kanada, Rússland, jafnvel Bretland, en afleiðingar loftslagsbreytinga eru mjög í brennideli umræðunnar í Frakklandi sem endurspeglast meðal annars í þeirri nýju áherzlu sem Sarkozy forseti hefur boðað á umhverfismál. (...) Við deilum þessum áhyggjum,” segir Mauvisseau.

### Rótgróinn Íslandsáhugi

Spurður hvað hafi orðið til þess að hann leitaði eftir því að verða sendiherra í Reykjavík svarar Mauvisseau á lýtalausri íslenzku: „Það er lög saga.“ Hann hafi alízt upp í Suður-Frakklandi og strax á æskuárum fengið mikinn áhuga á löndum sem voru hvað ólkust heimahögum hans. Þannig hafi hann fengið áhuga á Norðurlöndum, einkum á menningu og tungu Norðurlandabjóðanna, sem hafi

NORDICPHOTOS/AFP




**TIL KEFLAVÍKUR** Mirage 2000-orrustubota franska flughersins, en sliðar vélar verða væntanlega í frönsku flugsveitinni sem í vor riður á vaðið með lofthelgiefirlið í nafni NATO hér á landi.

### Í hvað er saltpéturssýra notuð?

Sýran er meðal annars talsvert notuð á tilraunastofum. Hún er notuð í sprengiefni, svo sem nitroéglyssein og TNT. Þá er hún notuð í áburðarframleiðslu, við að hreinsa og leysa upp málma, seld til nota í hreinsivörur og nýtt til að hreinsa matvæla- og mjólkurframleiðslu. Pegar hún blandast saltsýru (HCl) er hún eitt fára efna sem geta leyst upp gull og platini. Þá er hún notuð við litagreiningu á heróni og morfíni.

### Er hún hættuleg?

Já, saltpéturssýra er varasöm í meira lagi. Hún er eitruð og mjög ætandi og getur valdið fólk alvarlegum brunasárum. Þá getur kvíknad í saltpétursýru ef hún kemst í samband við ýmis lífræn efni, svo sem terpentínu.



## Hvað er að fréttu?

### Með púlsinn á markaðnum alla daga



[www.visir.is](http://www.visir.is)



**OLIVIER MAUVISSEAU** Nýr sendiherra Frakka er sannkallaður Íslandsvinur sem oft hefur komið hingað til lands síðan árið 1978.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

vaxið og dafnað frá þeim tíma.

Í fyrstu Íslandsheimsóknina kom Mauvisseau fyrir nærríþremur áratugum, árið 1978, en þá var hann enn í námi. Hann kveðst hafa heimsótt landið oftsinnis síðan og á þeim tíma sem hann bjóndaði í sendiráði Frakka í Ósló fyrir um fimmtíðar árum hafi hann bæði lært vel norsku en gert sér jafnframt far um að læra íslenzku, af persónulegum áhuga. Þá kunnáttu hyggst hann bæta enn, nú þegar hann er orðinn sendiherra hér.

„Pegar ég kom hingað fyrst árið 1978 hefði ég ekki getað ímyndað mér að 30 árum síðar yrði ég sendiherra lands míns hér. En þeim mun ánægjulegra þykir mér að það skuli vera raunin. Þá er virkilega eithvað sem er mér persónulega dýrmætt，“ segir hann.

### Óskar sér nánari samskipta

Mauvisseau segist stoltur af þeiri staðreyni að Frakkar hafa haft sendiráð á Íslandi allt frá stofnun lýðveldisins; þjóðirnar tvær eigi sér mjög langa og farsæla sögu tvíhlíða samskipta. En hann segist samt myndu óska sér að tengslin væru enn nánari.

„Hvað stjórnmalatengsl varðar myndi ég óska mér að sjá nánari

Gamlar árið er kvatt. Mikil stemning ríkir. Tónlistin glymur og magnar upp gleðina. Hljóðbylgurnar berast með meiri krafti og styrk. Hljóðhimnunar í eyranu titra hraðan og hraðan. Háværara og magnaðra hljóði lþyngir kuðungnum í innra eyranu þar sem fleiri tugir af hárfrumum og taugaþráðum nema hljóðið og senda skilaboð til heilans sem vinnur úr þeim.

Pessar mjög svo fínu og viðkvæmum hárfrumur þola ekki allan þennan hávaða og skemmast, afleiðingin af því verður heyrnarskerð-

ing og eyrnatappuð hjá þeim sem kveðja gamla árið.

Á fyrstu vikum nýs árs leitar fólk sér hljóðpar vegna heyrnarskerðingar, suðs fyrir eyrum og ofurviðkvæmni fyrir hljóðum. Flestir eftir að hafa verið á háværum skemmtistöðum, rokktónleikum og/eða flugeldasýningum. Trúlega eiga margir eftir að hafa sífellt suð fyrir eyrum eftir gamlársvöld, suð sem er komið til að vera út ævina. Þessir einstaklingar upplifa að tónlistin bjagast og bar af leiðandi tapast sá eiginleiki að geta notið þess að hlusta á tónlist. Hljóðin verða of hávær og að auki þróast þetta sem ofurviðkvæmni fyrir hljóðum og



ELLISIF K.  
BJÖRNSDÓTTIR

verður að þjáningu fyrir viðkomandi. Heyrnarskerðing, eyrnatappuð og hljóðbrenglun draga úr lífsgæðum. Heyrn er mikilvæg í samskiptum og án hennar einangrast fólk og á erfitt með daglegt líf. Heyrnin er viðkvæm og hana þarf að vernda. En til bess þurfa Íslendingar að vakna! Vakna til vitundar um hversu mikilvæg og ótrúlega fullkominn heyrninn er. Mikilvaegt er að láta mæla heyrnina því að erfitt er að gera sér grein fyrir eigin heyrn.

Hljóðkerfi og hljóðflutningstæki verða alltaf fullkomari og magnaðri. Hljóðstyrkinn eykst og með einum takka er hægt að fara langt yfir þolmörk eyrans og þær reglur

sem kveða á um vissan hljóðstyrk. Þó að hávaðareglur séu settar virka þær takmarkað fyrir heyrnina. Heyrnarþolmörkin eru einstaklingsbundin og ekki hægt að vita fyrir fram hversu mikinn hávaða hver og einn bolir. Ótrúleg fáfræði býr að baki hjá þeim sem láta sér detta í hug að bjóða upp á kvíkmyndasýningar á hærri hljóðstyrk, svokallaðar kraftsýningar. Enginn ætti að láta bjóða sér það

og borga fyrir!

Óliklegt er að allir þeir sem stjórna hljóðkerfum á samkomustöðum hafi kunnáttu í hávaðamörkum. T.d. er aldur plötusnúðanna á skólastemmutnum oft ekki nema 15-18 ára!

Öruggasta ráðið til að vernda heyrn er að lækka en ef það dugar

ekki er vissara að fá sér eyrnatappa sem til eru af mörgum gerðum. Hægt er að fá eyrnatappa sem dempa hávaða án þess þó að draga úr hljómgæðum, þannig að hægt er að heyra talað mál og tónlist. Það er góð leið til að njóta t.d. gamlársvölds í mannfagnaði, án þess að þurfa alltaf að vera að hvá.

Flugeldar eru stórr hluti af gamlársvöldinu en geta verið hættulegir heyrninni. Einfalt en árangursríkt er að halda fyrir eyrun á flugeldasýningum eða vera með eyrnatappa.

Kveðjum gamla árið með tónlist og gleði en án þess að kveðja heyrnina í leiðinni!

Höfundur starfar hjá Heyrn ehf.

## AF NETINU

### Ekkifréttatímar

Fréttafíklar geta átt bágtrum um jólín. Í gær voru helstu fréttirnar það sem allir vissu, hvernig veður var úti, - að guðþjónustur voru haldnar, að reynt var að gera útgangsfólkjónin bærilegri o.s.frv. Í erlendu máli er norðið „nýtt“ notað um fréttir, „nyheder og news“, þ.e. að frétt sé aðeins það sem öðruvísi en það sem fyrir er. Ég hef oft á starfsfólkini mínum þurft að rökstýðja það að eitthvað sé „ekkifrétt“ með því að vísa í orðaval nágrannaþjóðanna um þetta fyrirbæri.

Einu sinni var gerð tilraun á Stöð tvö að mig minnir að hafa engar fréttir á jóladag í sparnaðarskyni. Ekki man ég til þess að nein sérstök frétt hafi verið á ferðinni á þessum degi en það var allra manna mál að svona lagað mætti aldrei gerast aftur.

Ég held að það sé ákaflega gott að ekkert gerist fréttinæmt um jólín. Það ætti að geta hjálpað okkur til að fá okkur út úr streitunni, hraðanum og óþolinum sem þjólfir okkar einkennist af í vaxandi mæli. Mér þótt því vænt um ekkifréttatíma gærdagsins og minn vegna hefði vel mátt fella alla fréttatímama niður [...]

**Ómar Ragnarsson**

omarragnarsson.blog.is

### Starfsmaður á plani

[...] Góður stjórnálmáður veit að engu er vel lokið nema með réttum hnykk og sveiflu. Í þeim anda sleppti Næturvaktinni. Tragikómedian náði þar í senn slíkum hæðum og dýpt að mér varð næstum þungt fyrir brjósti meðan döttir mír barnung hló. Þar hrundi allt í persónulegu umhverfi þremenninganna sem hrundið gat – og óljósu leiftri sló niður í huga áhorfanda: Getur þetta líka komið fyrir mig? En þeir félagar rifu sig upp á hárinu, rufu ekki samstöðu hinna undirokuðu lúsera og héldu saman til Svíþjóðar að vinna nýja sigra við skurðgröft fyrir saenska vitleysinga – og guðveit hvað.

Ég hef stundum velt fyrir mér hlutverki mínu í ríkisstjórn Íslands. Ég er ekki forsætisráðherra og hugsanlega er það galli mínn sem stjórnálmanns að mig hefur aldrei langað til þess. Ég er ekki utanríkisráðherra og get því ekki haft nokkrar áhrif á gang heimsins. Ég er líka búinn að uppgötva síðan í maí að hið falda vald liggr í fjármálaráðuneytinu. Þar hef ég bókstaflega engin itöl heldur – þó slitna, úrsérgengna kólumbískipta skjalataksan míni sé túlkuð sem stöðug umsókn um það embætti. Hvað er ég þa?

Það rann upp fyrir mér meðan ég sat og horfði á Næturvaktina í haust. Ég er starfsmaður á plani!

**Össur Skarphéðinsson**

ossur.hexia.net

### SENDIÐ OKKUR LÍNU

Við hvetjum lesendum til að senda okkur línu og leggja orð í belg um málnefni líðandi stundar. Greinar og bréf skulu vera stutt og gagnorð. Eingöngu er tekið á móti efni sem sent er frá Skoðanasiðunni á visir.is. Þar eru nánari leiðbeiningar. Ritstjórn ákveður hvort efni birtist í Fréttablaðinu eða Vísí eða í báðum miðlunum að hluta eða í heild. Áskilinn er réttur til leiðréttингa og til að stytta efni.

## BYR BÝÐUR ÞÉR GLEÐILEGT ÁR MEÐ STÖÐ 2

Frábær og opin dagskrá í boði Byrs fyrir alla fjölskylduna á nýársdag




skemmtilegri



ANNA OG SKAPSVEILURNAR - kl. 18:50



CHRONICLES OF NARNIA - kl. 19:45



WAR OF THE WORLDS - kl. 22:05

Hafðu það gott á nýju ári

**BYR**  
SPARISJÓÐUR

# Kafaldsbylur...

## UMRÆÐAN

Björgunarsveitarstarf

**E**nginn nema sá sem hreynt hefur veit hvernig er að fá kallid þegar það kemur, útkallið þegar „kafaldsbylur“ hylur hæð og lægð“ og slík hætta hefur skapast að mannslif eru í húfi. Flestir Íslendingar upplifa neyðarástand í gegnum fréttirnar, en búsnir sjálfböðaliða eru ávallt viðbúnir hvenær sem neyðarkallið berst. Það getur verið rjúpnaskytta í villum, jeppamenn í ófærum á hálendinu, týnt barn í borginni eða fluglys á fjöllum. Svo ekki sé talað um sjóslýs og hamfarir eins og snjóflóð sem falla í byggð.



MAGNÚS INGI  
MAGNUSSON

**Það er einstakt á Íslandi að björgunarfólk er sjálfböðaliðar sem reiðir sig einkum á þrennt; velvilja vinnuveitenda sinna, skilning fjölskyldunnar og þjóðina sem bakhjarl.**

Kostir fámennisins koma hér hvað best í ljós; samhygðin er algjör þegar náttúruhamfarir og slys dynja yfir og samfélagið eitt. En það er ekki sjálfgefið. Einn af hornsteinum þessa mikla samhugar er sjálfböðaliðastarf björgunarsveitanna. Það er einstakt á Íslandi að björgunarfólk er sjálfböðaliðar sem reiðir sig einkum á þrennt; velvilja vinnuveitenda sinna, skilning fjölskyldunnar og

bjóðina sem bakhjarl. Og svo auðvitað eigin atgervi, þjálfun og dug.

Það er alrunna að hjálparsveitir skáta og aðrar björgunarsveitir fjármagna ekki síst starfsemi sína með flugeldasölu. Með því að kaupa af okkur púðrið fyrir gamlarskvöld stuðlar þú ekki aðeins að auknu öryggi okkar allra heldur felst í því virðingarvottur við starf björgunarsveitar-

manna. Og um leið skaparðu með börnumnum litríkar minningar sem ávallt lifa.

Við erum fljót að gleyma og því langar mig að ljúka máli mínu með því að vitna í Jón Kaldal, ritstjóra Fréttablaðsins, sem reit svo í leiðara hinni 29. ágúst sl. eftir mikla leit björgunarsveita að tveimur mönnum á Svinafellsjöklum: „Í raun einkennast störf íslenskra hjálpar- og björgunarsveita af sílksri samkennd með náunga sínum og óeigingirni að við hin, sem ekki tökum þátt í því, getum ekki annað en fyllst lottingu og þaklaeti. ... Drygstu hluti rekstrarfjár sveitanna kemur frá flugeldasölu og ýmsum happdrættum. Þar gefst okkur öllum kostur að leggja hönd á plöginn.“

Eg óska samborgurum mínum árs og friðar um leið og ég þakka þeim stuðninginn í gegnum árin og minni að áfengi og skoteldar fara ekki saman.

Höfundur er í flugeldaneftnd  
Hjálparsveitar skáta í  
Reykjavík

...



því getur ekkert annað staðist.“ Ætli þessir menn séu með það skrifað bakvið eyrað eins og Mókkur? Pessir menn sem bandarískar ríkisstjórnin elur svo hatur í eru þeir menn sem eru ginnkeyptir fyrir hatursfullum hefndaraðgerðum og er því auðvelt fyrir hryðjuverkahópa að heilapvo bá til að ganga í lið með sér.

Ég velti stundum fyrir mér hversu langt þetta geti gengið. Get ég átti von um að eftir 30 ár muni lögreglan koma í hús mitt og taka fjögurra ára gamalt barnabarn mitt, fyrir það eitt að hafa talað við arabískan mann? „Frú, hann talaði við mann sem er talinn vera frændi manns, sem kannast við annan mann, sem er mágur manns, sem heilsaði manni, sem á frænda sem afgreiddi mann í hryðjuverkjahópi.“ Ef bið segið að það sé ólíklegt þá segi ég á móti. Aldrei segja aldrei.

Raunin er sú að 11. september breytti öllu. Allt er leyfilegt í nafni réttlætis. Ríkisstjórnin hrópar „þjóðaröryggi“ svo að enginn geti mótmælt þeim. Þeir fela sig á það við hugtakið, eins og bleyður. Hvað ætli það sé margir sem eru í Guantanamo og öðrum fangelsum á snæri Bandaríkastjórnar sem raunverulega eru tengdir hryðjuverkjahópum? Tíu búsnir, eitt búsnir, hundrað eða bara tíu? Við höfum ekki hugmynd því að þeir eru kannski með hundruð búsnunda eða jafnvel milljón manns fangaða og kannski 138 sem eru á sannanlegan hátt tengdir alvarlegum hryðjuverkjahópum. Ég bið ykkur, góða Íslendinga, á þessari árstíð friðar og kærleiks að minnast allra þeirra fjölskyldna sem vita ekki hvænær faðir þeirra, eiginmaður, sonur, bróðir, fræði eða mágur kemur aftur heim. Hugsum til þess hvað við erum heppin að purfa ekki að búa í þeirri óvissu að geta allt í einu verið tekin fyrir það eitt hvernig við lítum út. Hver veit? Kannski næst þegar ég fer til útlanda verð ég tekin fyrir það eitt að vera dökkt á hörund, með dökkt háð, dökkbrún augu og þekkja Palestínubúa. Þið vitið allavega hvar ég er ef ég hverf.

Höfundur er áhugakona um  
stjórmál og alþjóðamál.



## Efling-stéttarfélag vinnur fyrir þig - Sterkari saman!

Nú lækka félagsgjöldin í

0,7%

frá og með 1. janúar 2008

**EFLING**  
STÉTTARFÉLAG  
- stendur með þér

# Super Flugeldar

Háamýri ehf.

LÆGSTA  
VERÐIÐ

## Meiriháttar úrval af flugeldum á SÚPER-verði!



4.490.-

20.900.-

Gos - 5 stærðir



14.000.-



19.950.-

3" rakettur



1.450.-

1,5" skotrör



1.500.-


9.990.-

Við styrkjum samtökin



### Staðsetning

Bíldshöfða 14, Axarhöfða megin



Mikið úrval af ýmiskonar flugeldum fyrir alla.  
Nánari upplýsingar er að finna á vefsíðu okkar.

[www.super-flugeldar.com](http://www.super-flugeldar.com)

**SNORRI HJARTARSON SKÁLD LÉST PENNAN DAG ÁRÍÐ 1986.**

„Ég hjúfra mig í hálsakoti móður, bar hló ég barn, bar er ég sæll og góður.“

**Snorri Hjartarson var listfengt ljóðskáld. Hann hlaut bókmenntaverðlaun Nordurlandaráðs áríð 1981 fyrir ljóðabókina Hauströkkrið yfir mér.**



# tíamot

timamot@frettabladid.is



**REYKJANESBÆR** Verður áfram verndari Bjargarinnar – athvarfs fyrir fólk með geðraskanir.

## Björgin studd

Starfsemi Bjargarinnar – athvarfs fyrir fólk með geðraskanir í Reykjanesbær, fær góðan stuðning í dag þegar skrifsað verður undir fjóra samninga í Íþróttakademíunni í Reykjanesbær um stuðning við athvarfið.

Björgin var stofnuð í febrúar áríð 2005 en það voru Reykjanesbær, Svæðis-skrifstofa um málefni fatlaðra og Sjálfsbjörg á Suðurnesjum sem stóðu saman að rekstrinum. Björgin hefur einnig notið góðs samfélagslegs stuðnings með ýmsum hætti.

Starfsemi Bjagnarinnar hefur vaxið fiskur um hrygg á þessum rúmu tveimur árum, og hefur sprengt utan af sér bæði húsnæði og mannafla. Nú verða breytingar þar á þar sem sveitarfélögin á Suðurnesjum, félagsmálaráðuneyti, Heilbrigðisstofnun Suðurnesja og Svæðisskrifstofa um málefni fatlaðra hafa ákvæðið að leggja verkefni lið, eins og kemur fram í þeim samningum sem undirritaðir verða í dag.

Reykjanesbær verður áfram verndari Bjagnarinnar. Bærinn heldur utan um reksturinn bæði faglega og rekstrarlega og hefur eftirlit með starfsemi.

Einnig munu fulltrúar frá öðrum sveitarfélögum á Suðurnesjum, Svæðis-

skrifstofu málefna fatlaðra og HSS eiga sæti í fag og rekstrarráðum.



Elskuleg systir mín og mágkona,  
**Guðbjörg Stefánsdóttir**  
Dalbraut 27, Reykjavík,

sem lést 14. desember síðastlönn, verður jarðsungin frá Áskirkju föstudaginn 28. desember kl. 15.00.

Fyrir hönd fjölskyldunnar  
**Soffia Stefánsdóttir** Páll Gíslason



Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafáðir, aði og langafáði,  
**Práinn Valdimarsson**  
fyrverandi framkvæmdastjóri, Álfatamári 56, Reykjavík,

lést á Landspítalanum þriðjudaginn 18. desember. Útför hans fer fram frá Bústaðakirkju föstudaginn 28. desember kl. 13.00.

**Elise Valdimarsson**  
**Hildur Práinsdóttir**  
**Práinn Þórhallsson**  
**Örn Práinsson**  
**Elfa Arnardóttir**  
**Hilmar Arnarson**  
**Örn Kári Arnarson**  
**Hrafnhildur Sævarsdóttir**  
og langafabörn.

Helga Hilmarsdóttir

**PETTA GERÐIST: 27. DESEMBER 1985**

## Hryðjuverk á flugvöllum í Evrópu

Pennan dag áríð 1985 réðust hryðjuverkamenn á two flugvelli í Evrópu samtímis: annars vegar á flugvöllinn í Róm og hins vegar í Vínarborg.

Í Róm hófu vígamennirnir skotarás á farþega við innritunarborð hins ísraelska flugfélags El Al. Árásirnar hófust á nálægt því sama tíma, klukkan rúmlega átta um morguninn. Mikil ringulreið varð í þær fimm mínútur sem árásin í Róm stóð og farþegar köstuðu sér til jarðar til að forðast kúlnahríðina sem dundi úr byssum hryðjuverkamannanna þriggja.



Í Austurríki voru vígamennirnir einnig þrír og köstuðu þeir handsprengjum að farþegum á leið til Tel Aviv. Alls léztuð átján manns í árasunum og 120 særðust. Í fyrstu var talið að PLO, frelssamtök Palestínu stæðu fyrir árásinni en leiðtogi þeirra, Jasser Arafat, fordæmdi árásirnar.

Liklegt er talið að Abu Nidal hafi verið heilinn á bak við óðæðin, en hann yfирgraf PLO áríð 1974 og fór meðal annars fyrir Fatah-hreyfingunni. Hann fannst láttinn við dularfullar aðstæður í Írak áríð 2002.

## MERKISATBURÐIR

- 1831** Breska skipið „Beagle“ leggur af stað í leiðangur, m.a. til Galapagos-eyja. Meðal leiðangursmanna er Charles Darwin.
- 1927** Söngleikurinn „Show Boat“ er frumsýndur á Broadway. Höfundar eru Kern og Hammerstein. Frægasta lagið er „Old Man River“.
- 1956** Lög um bann við hnefaleikum á Íslandi eru staðfest.
- 1968** Apollo 8 snýr aftur til jarðar eftir að hafa farið umhverfis tunglið.
- 1979** Rússar taka völdin í Afghanistan.
- 1988** Fyrsta númerið í nýju kerfi er sett á bíl dómsmálaráðherra, Halldórs Ásgrims-sonar. Það er HP 741.



**SR. BJÖRN SVEINN SÓKNARPRESTUR Í HVALSNEISKIRKJU** „Ég vil halda þeirri kenningu á lofti að hér hafi sr. Hallgrímur orðið trúarskáld,“ segir hann.

VÍKURFRÉTTIR/PORGILS

## HVALSNESKIRKJA VIÐ SANDGERÐI: HUNDRAÐ OG TUTTUGU ÁRA HELGIDÓMUR

## Getur staðið um ár og aldur

Á jóladag voru hundrað og tuttugu ár liðin frá vígslu Hvalsneskirkju í Kjalarnesprófastsdæmi. Hún ber aldurinn vel enda fáar kirkjur á Íslandi byggðar úr varanlegra efni. Það er grágrýtisseini sem var fleygaður úr klöppum skammt frá. Sóknarprestur í Hvalsneskirkju frá 1998 er sr. Björn Sveinn Björnsson. Hann segir margar kirkjur hafa staðið á þessum stað gegnum aldirnar en þær hafi fokið hver af annarri. „Það var ekkert guðhús sem stóðst stórvörin sem geisa hér við ströndina, lýsir hann og greinir síðan frá sögu þeirrar kirkju sem nú stendur. „Ketill Ketilsson, bóni í Kotvogi í Höfnum, var eigandi Hvalsnesjarðarinnar áríð 1864. Hann hafði verið við fermingarguðspjónustu í kirkjunni þar sem fólk hafði þurft að standa úti vegna plássleysis. Það rann honum til rifja. Hann kvaðst ekki geta til þess hugsað að kirkjugestir hefðu ekki þak yfir höfuðið. Í annan tíma komu tveir menn innan af Nesi og sögðu honum að kirkjan væri farin að

leika. Þá á þessi stórhuga bóni að hafa sagt: „Nú veit ég hvað ég geri. Ég ætla að byggja nýtt musteri úr steini sem getur staðið um ár og aldur.“ Hann stóð við það.

Yfirumsjón með byggingunni var í höndum Magnúsar Ólafssonar trúsmíðameistara en Magnús Magnússon, műrari frá Gauksstöðum í Garði, annaðist steinsmiðina. „Það var sá sami og sá um steinsmiði Njarðvíkirkirkju á sínum tíma og Alþingishússins. En það sorglega gerðist að Magnús drukknaði áður en byggingu Hvalsneskirkju lauk og þá tók Stefán Egilsson frá Reykjavík við verkini,“ segir sr. Björn. Stórvöldir eins og súlur í kór eru úr rekavíði af fjörunni að sögn sr. Björns og meira að segja predikunarstóllinn sem er úr mahóni. „Það kom upp vandi þegar átti að fara að smíða predikunarstóllinn því menn vissu ekki hvort þeir ættu að sækja við. En þá rak þennan fína drumb frá Suður-Ameríku úr besta fáanlega viði. Það var hvalreki fyrir Hvals-

neskirkju.“ Sr. Björn segir Hvalsneskirkju helgast af anda sr. Hallgríms Péturssonar sem var prestur á Hvalsnesi frá 1644 til 1651. „Margt í helgídóminum minnir á hann,“ segir sr. Björn og nefnir fyrst og fremst steininn sem Hallgrímur lagði á leið dóttur sinnar Steinunnar er hann missti unga og harmaði mjög. „Sorgin var þung og hellan líka, vel yfir hundrað kíló, en sr. Hallgrímur hefur ekki talið eftir sér að nái í hana upp í heiði og höggva í hana letrið,“ lýsir sr. Björn. Hann kveðið vilja halda þeirri kenningu á lofti að sr. Hallgrímur hafi orðið fyrir miklum trúaráhrifum á Hvalsnesi og að þar gerist hann sálmaskáld. „Steinnin af litla leiðinu var týndur um langan tíma en áríð 1964 voru menn að laga til í kringum kirkjuna og rákust þar á hann,“ lýkur sr. Björn frásöginni. „Það var stórmerekilegur fundur,“ bætir hann við. „Margir vilja meina að þetta sé mesti dýrgripur í kirkjum þessa lands.“

gun@frettabladid.is



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Sölvey F. Jósefsdóttir**

frá Atlastöðum í Fljótavík,  
Sundstræti 27, Ísafjörði,

lést á Fjörðungssjúrahúsini á Ísafjörði 17. desember. Útförin fer fram frá Ísafjarðarkirkju laugardaginn 29. desember kl. 14.00.

Bergmann Ólafsson Árdís Gunnlaugsdóttir  
Guðmundur K. Ólafsson Stefanía Eyjólfssdóttir  
Margrét B. Ólafsdóttir Jakob R. Ólafsson Kristín Bekkholt  
Jakob R. Ólafsson barnabörn og langaömmubörn.



**Ásrún Benediktsdóttir**

frá Vöglium, Eyjafjarðarsveit,  
til heimilis að Hlaðhömrum, Mosfellsbæ,

verður jarðsungin frá Lágafellskirkju í Mosfellsbæ föstudaginn 28. desember kl. 13.00. Blóm og kransar eru vinsamlega afþakkaðir en þeir sem vilja minnast hennar er bent á SÍBS eða Reykjalund.

Fyrir hönd aðstandenda,  
Auður Benediktsdóttir  
Helga Tryggvadóttir.

ÁSTRÍDA

GRIMMD

ÖFUND

SVIKRÁÐ

SPENNA

GRÆÐGI



FRÁBÆRT  
BODGREIÐSLUTILBOD!  
TVÆR STÖÐVAR  
AD EIGIN VALI Á AÐEINS  
6.790 KR. Á MÁNUÐI  
Í JANÚAR OG FEBRÚAR.



MÖGNUÐ ÍSLENSK SPENNUPÁTTARÖÐ  
**PRESSA**

HEFST SUNNUDAGINN 30. DESEMBER

KJARTAN GUÐJÓNSSON    SARA DÖGG ÁSGEIRSDÓTTIR  
ORRI HUGINN ÁGÚSTSSON    ARNDÍS HRÖNN EGILSDÓTTIR  
STEFÁN HALLUR STEFÁNSSON    ÞORSTEINN BACHMANN





**SMÁRA** BÍÓ

ÁLFABAKKA  
**SAMBIONN**

HÁSKÓLABÍÓ

**Borgarbió**

FRÉTTABLAÐIÐ

Lesendur Fréttablaðsins fá bíománn á 1000 kr. og 700 kr. fyrir börn 12 ára og yngri gegn frá meðan þessar úrkíppu í miðsölu viðkomandi kvikmyndahús. Gildir meðan myndin er í sýningu. Ath: Almennt miðoverð 1200 kr. fyrir fullorðna og 850 kr. fyrir börn 12 ára og yngri.

## STUÐ MILLI STRÍÐA: Áramótaheit og háleit markmið

ROALD VIÐAR EYVINDSSON DREYMDI UM AD VERÐA NÆSTA MÓÐIR THERESA



Einu sinni var ég haldinn svo hræðilegu samsvisku-bitu yfir því hvað ég hafði það gott, að ég strengdi bess heit að vinna hjálparstarf í Afríku. Ég var til í að bjást og jafnvel deyja til að láta gott af mér leida og sá fram á að þannig yrði mínn minnst fyrir einstaka fórnýsi svona eins og hjá móður Theresa. Auk þess áleit ég að auðveldara yrði að lifa í stuttan tíma að hætti dýrlinga en að neyðast til að gera það í mörg ár.

Tækifærið til að efna heitið

gafst hins vegar ekki fyrr en nokkrum árum síðar þegar ég fór til Indlands. Þá rifjaðist heitið upp og ég varð svo uppnuminn að ekki var til sá maður, kona, barn eða belja sem ég var ekki tilbúinn að fórná lífinu fyrir. Ég ætlaði sko að nota tækifærið til að verða dýrlingur hvað sem það kostaði og sjá bannig til þess að um mig yrði skrifauður fjöldi minningargreina, jafnvel yrði gefinn út sérstakur minningagreinaklúfur í Morgunblaðinu, þar sem góðverka minna yrði getið.

Það var eins og ég hefði verið bænheyrdur þegar við vinirnir fengum að útdeila mat á ellihemili, þar sem enginn annar en sjálf

móðir Theresa tók á móti okkur, í myndaramma uppi á vegg. Ég sannfærðist um að þetta væri fyrirboði að handan og fékk það staðfest nokkrum dögum seinna þegar ég fékk svo hræðilega í magann að engu líkara var en mitt persónulega regntímabil hefði hafist.

Dauðinn var í nánd og hann var ekki eins rómantískur og ég hélt. Ég bað guðleg öfl að hlífa mér og sör þess að fíflast aldrei aftur með líf mitt. En eftir það var eins og ský hefði dregið frá sólu; óldugann í maganum lægði og roði hljóp í kinnarnar. Eftir það hef ég farið varlega í strengja heit, hvort heldur um áramót eða á örðrum tínum ársins.

## myndasögur

Eftir Frode Øverli


### Pondus



### Gelgjan



### Handan við hornið



### Kjölturakkar



### Barnalán



# **ARAMÓT**

## **A BROADWAY 31.DES**

**MAGNI // Á MÓTI SÓL**

**EXOS // PLUGG'D**

Forsala í andyri **Broadway** og á **broadway.is**

**2500 kr. í forsölu // 3500 kr. við hurð**

**20 ára aldurstakmark**

**Techno.is**

**BROADWAY** 

Miðasala er opin alla virka daga og á gamlársdag frá 13-18

**Kl. 19**

Pátturinn Tónlistarkvöld  
Útvarpsins: Djass á Múlanum er  
á dagskrá Rásar 1 kl. 19. í kvöld.  
Í þeitinum má meðal annars  
heyra upptöku frá tónleikum  
Straightahead-kvartettsins sem  
fóru fram á djassklúbbnum  
Múlanum í september síðast-  
liðnum.

# menning

menning@frettabladid.is

## Frábærir dómar um upptöku Sinfóníunnar

Gagnrýnandi vefsíðunnar Classics Today er yfir sig hrifinn af upptöku á flutningi Sinfóniuhljómsveitar Íslands, Schola Cantorum og einsöngvaranna Gunnars Guðbjörns-sonar tenórs og Bjarna Þórs Kristinssonar bassabaráritóns á óratoríunni Edda I eftir Jón Leifs.

Upptakan fær fullt hús stiga fyrir gæði flutnings og hljómburðar. Gagnrýnandinn David Hurwitz segir hljómsveitina standa fyllilega undir flutningi þessa erfiða verks og er sérlega hrifinn af framlagi kórs og einsöngvara. Hann segir að auki að íslenskir söngvarar séu líkast til þeir einu í heimi sem ráði almennilega við að syngja í verkinu þar sem þeir eigi ekki í vandræðum með að skilja textann.

Hurwitz segir tónlist Jóns Leifs ber-sýnilega vera undir áhrifum frá íslenskri þjóðlagatónlist, en að hún sé jafnframta afar hljómræn og fögur og að mörgu leytí

aðgengilegri en aðrar smíðar tónskálðsins. Hann segir að ef ekki væri fyrir tungumála-þróðugleikana þá gæti þetta verk auðveld-eigd átt upp á pallborðið hjá hljómsveitum og áheyrendum viða um heim.

Hurwitz bendir á að útgáfan gæti höfðað sérstaklega til aðdáenda rithöfundarins J.R.R. Tolkien þar sem textinn sé unnninn úr fornnum norrænum goðsögnum og að í honum komi fyrir verur sem sumar eigi sér einnig hlutverk í bókum Tolkiens.

Upptakan þykja eins og best verður á kosið og gagnrýnandinn klykkir út með því að kalla útgáfuna hvorki meira né minna en stórvíðburði í tónlistarheiminum.



JÓN LEIFS Eitt fremsta tónskáld Íslendinga á tuttugustu öldinni.

**ÁST**  
SÖNGLEIKUR EFTIR  
GÍSLA ÓRN GARDARSSON  
OG VÍKING KRISTJÁNSSON  
Vesturport

I samstarfi við Vesturport  
7. og 8. des uppselt  
30. des  
Miðasala 568 8000  
www.borgarleikhkus.is

## Þjóðleikhúsið Gleðilegt ár!

Afgreiðsla miðasölu á Hverfisgötu er opin frá kl. 12.30–18.00 mán. og þri. Aðra daga frá kl. 12.30–20.00. Símapantánir frá kl. 10.00 virka daga.

Miðasala í síma 551 1200 og á www.leikhusid.is



**Ívanov** e. Tsjekhov  
Aðlögun og leikstjórn: Baltasar Kormákur  
28/12 uppselt

**Gott kvöld** e. Áslaugu Jónsdóttur  
30/12 kl. 13.30 & 15.00 örfá sæti laus

**Konan áður** e. Roland Schimmelpfennig  
29/12 örfá sæti laus

**Óhapp!** e. Bjarna Jónsson  
Aukasýn. 30/12

**Skilaboðaskjóðan** e. Þorvald Þorsteinsson  
29/12 kl. 14 & 17 uppselt. 30/12 kl. 14 & 17 uppselt

## Mahler á Öðruvísi Vínartónleikum

Íslenska óperan og Kammersveitin Ísafold standa fyrir Öðruvísi Vínartónleikum þriðja árið í röð nú á sunnudag kl. 20. Að þessu sinni er röðin komin að einu af óumdeildum meistaraverkum 20. aldarinnar, Sögvum jarðar eftir Gustav Mahler. Tónskáldið sjálft taldi verkið sína persónulegustu tónsmið en náiði því miður aldrei að heyra það óma á tónleikum, þar sem hann lést áður en það var frumflutt. Í raun er um að ræða mikilfenglega söngsinfóni sem sameinat þær greinar sem tónskáldið hafði mest dálæti á, sönglög og sínfóniur. Í verkinu gengur Mahler út frá viðfangsefni gamalla kínverskra ljóða þar sem fjallað er um hverfuleika mannligrar tilveru, gleði, sorg og söknud.

Verkið var samið á árunum 1908–1909. Textinn sem sunginn er með verkinu er þýsk þýðing Hans Bethge á fornu kínversku ljóðum sem voru innblástur Mahlers. Þýðingin var gefin út á sínum tíma undir heitinu Kínverska flautan.

GUÐRÚN JÓHANNA ÓLAFSDÓTTIR  
Syngur með kammersveitinni Ísafold á Öðruvísi Vínartónleikum á sunnudag.

Á tónleikunum á sunnudag heyrir verkið flutt í kammerútsetningu sem tónskáldið Arnold Schönberg hóf vinnu við en Rainer Riehn kláraði. Útsetningin heyrðist upp-

runalega í Vínarborg á árunum í kringum 1920 á tónleikum „Félags um einkaflutning tónverka“ sem Schönberg stofnaði ásamt fleirum í Vínarborg árið 1918. Að því er best er vitað mun þetta vera í fyrsta skipti sem þetta verk Mahlers fær að hljóma í þessari útsetningu á Íslandi.

Kammersveitin Ísafold hefur á undanförnum árum skipað sér í fremstu röð í íslensku tónlistarlífi með metnaðarfullu tónleikahaldi sínu. Sveitin fær nú til liðs við sig tvær af skærstu söngstjörnum þjóðarinnar af yngri kynslóðinni. Einsöngvarar eru Finnur Bjarnason tenór og Guðrún Jóhanna Ólafsdóttir mezzósópran en stjórnandi er Daníel Bjarnason.

Líklegt verður að teljast að Vínartónleikar þessir verði skemmtileg og öðruvísi upplifun. Frekari upplýsingar um flyttjendur og verkið sjálfst má finna á vef Íslensku óperunnar, www.opera.is, þar sem einnig má kaupa miða á tónleikana. vigdis@frettabladid.is

## Rússar draga listaverkalán til baka

Fyrirhuguð sýning í London á listaverkum í eigu rússneska ríkisins er í uppnámi eftir að Rússar drógu til baka loforð sitt um lán á verkunum.

Enskir listáhugamenn hafa beðið sýningarinna með öndina í hálsinum og því eru fréttirnar mikil vonbrigði. Á sýningunni, sem hefði farið fram í safnini The Royal Academy, áttu að vera fjöldamörg meistaraverk frá helstu söfnum Rússlands. Verkin höfðu faest verið sýnd áður í Bretlandi og ríkti sérstök eftirvænting eftir því að sjá málverkið Dansinn eftir Frakkann Henri Matisse, en sú mynd er álitin marka ákveðin tímamót í vestrænni myndlist.

Ákvörðun rússneskra stjórnenda sýningarinna má hugsanlega rekja til slæmra samskipta á milli Rússu og Bretru undanfarið árið. Samskipti þjóðanna tveggja fóru í hnút við mordið á Alexander Litvinenko. Hann var fyrrum rússneskur njósnari sem var búsettur í London og dó í nóvember í fyrra eftir að eitrað var fyrir honum með geislavirku efnii. Bretar báðu Rússu um framsal Andrei Lugovoi, sem grunaður er um morðið, en Rússar neituðu beiðninni.



Annað mállefni sem hamlar framgangi sýningarinna er ótti Rússu við að sum verkanna verði gerð upptæk í Bretlandi. Flest verkanna voru í einkaeigu í upphafi tuttugustu aldarinnar, en í kjölfar bylttingarinnar í Rússlandi voru þau gerð að sameign þjóðarinnar. Rússnesk yfirvöld óttast að afkomendur upprunalegra eigenda verkanna noti tækifærð og geri kröfu til beirra meðan þau eru til sýnis í London þar sem Bretland er eitt fárra vestrænna landa sem ekki meða lög til að koma í veg fyrir slíkt. Fordæmi er fyrir slíkum kröfum þar sem rúmlega fimmtíu verk í eigu rússneska ríkisins voru gerð upptæk í Sviss fyrir premur árum síðan. Svissneskt fyrirtæki átti inni talsverða fjármuni hjá rússneska ríkinu og fór þessa leið til að innheimta þá, þó að svo hafi farið að lokum að verkunum var skilað til Rússlands. Illindin á milli Bretlands og Rússlands yrðu Rússum sannarlega ekki í hag ef til þess kæmi að verkin yrðu gerð upptæk á ný. Það er því vel skiljanlegt að þeir séu ugandi yfir lárinu.

## GALAKVÖLDVERÐUR Á NÝÁRSKVÖLD

### NÝÁRSFAGNAÐUR

## KOMDU FAGNANDI

HALTU UPPÁ NÝJA ÁRIÐ Á DOMO

DOMO RESTAURANT / BAR  
ÞINGHOLTSSTRÆTI 5  
101 REYKJAVÍK  
SÍMA 552 5588  
DOMO@DOMO.IS  
WWW.DOMO.IS



TORFBÆR Helstu híbýli Íslendinga árum saman.

## Menning torfbæjanna

Í ritröðinni Skýrslur Þjóðminjasafns Íslands er komin út skýrslan Á tímum torfbæja – Híbýlahættir og efnismenning í íslenska torfbænum frá 1850. Skýrslan er eftir dr. Önnu Lísu Rúnarsdóttur. Í skýrslunni kynnar Anna Lísa niðurstöður verkefnis sem hún vann í rannsóknarstöðu dr. Kristjáns Eldjárns.

Á tímum torfbæja fjallar um búsetulok í torfbænum og þá þróun sem varð á tímabilinu frá því um 1850 til miðrar tuttugusta aldar, þegar búsetu var að mestu hatt í þessari tegund húsa. Sérstaklega er fjallað um fimm torfbæ sem eru í húsasafni Þjóðminjasafnsins: Burstafell, Galtastaði fram, Selið í Skafthelli, Núpsstað og Keldur. Tekið er á viðfangsefninu út frá sjónarhló íbúanna og meðal annars byggt á viðtölum við fólk sem bjó á þessum bæjum. Þróun torfbæjanna er sett í samhengi við ýmsa samfélagslega þætti, svo sem gestagang, og einnig við þróun efnismenningar á þessum tíma, en segja má að um nokkurs konar iðnbytingu heimilanna hafi verið að ræða.

- vþ



SAFN Samtímalistasafnið lokar dyrum sínum um óákveðinn tíma nú á sunnudag.

## Síðustu opnunartímar Safns

Það verður sannarlega sjónar-sviptir að samtímalistasafninu Safni sem verður lokað nú um áramótin. Safn verður opnið í dag og á morgun frá kl. 14-18 og um helgina frá kl. 14-17. Sunnudagur verður reyndar sá síðasti áður en Safn lokar dyrum sínum um óákveðinn tíma.

Tregi fyllir hjörtu listahuga-fólks á tímamótum sem þessum, en þó má ávallt horfa til fram-tíðar með nokkurri bjartsýni og vona að íslensk samtímalamyndlist haldi áfram að vaxa og dafna á komandi ári landi og þjóð til sóma og ómaeldrar ánægju.

- vþ

## Framhaldslíf Óvita

Hin geysivinsæla sýning á Óvitum mun víkja af sviði Leikfélags Akureyrar á morgun til að rýma fyrir Fló á skinni. Uppsett hefur verið á allar sýningar til þessa en síðasta sýning í bili verður annað kvöld, 28. desember. Þá er aðsóknarmet hjá LA fallið en nú hafa fleiri séð Óvita á Akureyri en Fullkomið brúðkaup, sem var vin-sælasta sýning LA frá upphafi. Áhorfendur verða þá orðnir rúm-lega 12.000. Reyndar verður Full-komið brúðkaup áfram aðsóknar-mesta sýning LA í heild sínni, því auk tæplega 12.000 gesta á Akureyri sáu um 14.000 gestir sýninguna í Reykjavík. Óvitar víkja nú en stefnt er að útgáfú sýningar-annar á DVD fyrir páskana og sýningin snýr aftur á svið Samkomu-

hússins í september 2008. Leikritið



LEIKLIST Þenn vex vegur Óvita og spurning hvenær þeir koma á svið í Reykjavík, en á Akureyri verða þeir aftur næsta haust.

á skinni og því þótti ekki boðlegt fram á vor eða jafnvel til næsta að fresta gamanleiknum langt - pbb

ISLENSKA STJÁRNAF 40470 12/07



# Mikilvægasta máltíð dagsins

## &gt;VISSIR PÚ?

Jackie Chan tókst að leyna syni sínum fyrir almenningi í ellefu ár en sonurinn, Jaycee, er fæddur árið 1982. Jaycee stefnir einnig á frama í kvíkmyndum og er Jackie mikið í mun að sonurinn leyni faðerninu og skipti jafnvel um nafn til að fá verkefni út á eigin ágæti en ekki fjölskyldunafnið.



# fólk

folk@frettabladid.is

# DiCaprio oft lamininn í æsku

Leonardo DiCaprio segist oft og iðulega hafa verið lamininn af melludólgum þegar hann var yngri. DiCaprio átti heima ásamt móður sinni í einu versta hverfi Hollywood í æsku, þar sem vændi og eiturlyfjasala var daglegt brauð. Leo sagði við breska blaðið The Mirror að hann hefði á sínum yngri árum oft séð fólk stunda kynlíf í dimmum skúmaskotum og fólk sprauta sig nánast á götum úti. „Þegar ég var fimm ára króði krakkfíkill mig af og reyndi að lemja mig,“ segir DiCaprio og melludólgum var víst einnig ákaflega í nöp við drenginn ef hann var of mikið að hnýsast í þeirra mál.

Og DiCaprio segist búa að þessari reynslu alla ævi. „Eftir að hafa orðið vitni að allri þessari

óhamingu sem fylgir eiturlyfjum og vændi þá hefur mér aldrei dottið í hug að prófa slíka hluti,“ útskýrir leikarinn en hann var eftirmannilegur í hlutverki hins efnilega Jimis Caroll sem varð herófini að bráð í kvíkmyndinni The Basketball Diaries. „Þetta hefur líka kennt mér að þessi efnislegu hlutir skipta mig litlu máli. Ég flýg ekki um á einkapotu (nema þegar hann kom til Íslands), ég kaupi mér ekki fáránlega hluti og ég er ekki með lífverði,“ segir DiCaprio.



**ERFIÐ ÆSKA** DiCaprio ólst upp í hverfi þar sem ógæfufólk var í meiri hluta og eiturlyfjasalar gengu lausir.

## Jenna að hverfa

Jenna Jameson er að hverfa. Eða það er að minnsta kosti mat breska blaðsins The Sun. Jenna mætti í jólateiti LAX-næturklúbbins í Vegas og þóttu hinarr kvenlegu línum hennar viðsfjarri. Í staðinn fyrir hina íturvönu leikkonu var Jenna nánast bara skinn og bein. Leikkonan létt nýverið minnka að sér brjóstin og þótt það sé varla slæmt hafa aðrir líkamspartar einnig mátt þola niðurskurð. Jenna kemst því í hóp með leikkonum á borð við Töru Reid og Keiru Knightley úr hinum enda Hollywood sem báðar hafa sætt mikilli gagnryni fyrir of lítið hold.

Jenna varð heimsfræg undir lok síðustu aldar fyrir bláar kvíkmyndir sínar og græddi milljónir á milljónir ofan á því að birta nekt sína á síðum karlablaða. En þótt Jameson hafi lagt beðmálskúnstir sínar fyrir framan tökuvelarnar á hilluna hefur stjarna hennar sjaldan eða aldrei skinið jafn skært. Jameson er nú



FYRIR OG EFTIR Eins og sjá má hefur Jenna látið verulega á sjá og grennst meira en góðu hófu gegnir.

orðin vellauðug athafnakona sem rekur sitt eigin framleiðslufyrirteki, ClubJenna, en það framleiðir erótísk leikteki og myndir fyrir fullorðna. Og þá hafa bækur hennar um heilræði fyrir kynlifið selst eins og heitar lummur.



# Óttast að Brítney hafi slæm áhrif á Jamie Lynn

Fjölskylda Jamie Lynn Spears hefur áhyggjur af því að Britney stóra systir hafi slæm áhrif á hana. Jamie Lynn tilkynnti um þungun sína í síðustu viku.

Britney Spears frétti af þungun litlu systur sinnar á sama tíma og meginhluti hins vestræna heims. Hún vill nú ólm vilja styðja við bakið á Jamie Lynn, sem er einungis sextán ára gömul. Fjölskylda beirra hefur þó áhyggjur af því að Britney geti haft slæm áhrif á Jamie.

„Britney var ekki fyrsta manneskjan til að fréttu af þungum Jamie Lynn, en hún er að reyna að sýna systur sinni að hún styðji hana. Það er frábært, en á sama tíma erum við áhyggjufull,“ segir heimildarmaður innan fjölskyldunnar.

„Því lengur sem Jamie Lynn er nálægt Britney og tengist henni vegna þessa, þeim mun erfiðara verður fyrir hana að fara aftur heim til Louisiana, eins og hún segist ætla að gera. Það er ekki erfitt að ímynda sér í hvaða vandræði hún getur ratað ef þær Britney verða of nánar núna,“ bætir hann við. Eins og flestir vita hefur síðasta árið hjá Britney verið vægast sagt stormasamt, en hún missti forræði yfir barnungum sonum sínum tveimur í haust.

Á sama tíma berast þær fregnir að Nickelodeon, sem framleiðir sjónvarpsþættina Zoey 101, sem Jamie Lynn leikur í, sé að velta því fyrir sér að framleiða þátt þar sem Zoey 101 mun gera kynlifi og ást skil. Markhópur þáttarins er börn á aldursbilinu níu til fíortán ára. Forsvartsmenn Nickelodeon hafa leitað til Lindi Ellerbee, sem hefur áður verið kynnir í þáttum fyrir börn þar sem samkynhneigðir foreldrar, alnaemi og skotárásin í Columbine-skólanum voru meðal umfjöllunar-



**NÁNAR SYSTUR**  
Britney vill nú ólm styðja við bakið á litlu systur, en mikið hefur gengið á hjá sjálfrí henni þetta árið.

efna. „Þetta er stórkostlegt tæki-færi fyrir foreldra til að tala við börnin sín um þetta, og það sem mikilvægara er, að hlusta á hvað börnin segja,“ segir Ellerbee.



**POPP & COKE®**  
DAGAR Í SNÆLAND VIDEO  
**2 NÝJAR DVD MYNDIR, & STJÖRNUPOPP**

**1000 kr.**

Myndbönd Mánaðarins frítt á næstu Snæland videoleigu!



Reykjavík Kópavogur Hafnafjörður Mosfellsbær Selfoss

# Dansinn dunaði hjá Tim á Organ

Breski tónlistarmaðurinn Tim Ten Yen hélt tónleika á skemmtistaðnum Organ á dögum. Hann þykir heldur óvenjulegur enda kom hann einungis fram með



**DANSINN DUNAR** Tim Ten Yen vakti mikla lukku þegar hann tók dansspor fyrir áhorfendur.

hljómborð og reykvið meðferðis. Tim vakti sérstaka lukku á tónleikunum þegar hann skildi hljómborðið sitt eftir á „sjálf-spilun“, steig fram á dansgólfíð



**VINKONUR** Þær Inga, Sveinborg og Elsa kíktu á tónleikana og skemmtu sér vel.

og sýndi skemmtilega takta. Hljómsveitirnar Hellvar og Sexy Jazz sáu um upphitun á tónleikunum og stóðu þær einnig vel fyrir sínu.



**SAMAN Á ORGAN** Saxófónleikarinn Ragnar og Kolfinna létu sig ekki vanta á tónleikana.



**TIM TEN YEN** Breski tónlistarmaðurinn sat einn við hljómborðið og söng öll sín bestu lög.

## Bílstjórinn var fullur

Barþjónn á Ritz-hótelinu, þar sem Dodi og Díana prinsessa snæddu áður en þau létu lífið í árekstri í París, segir að bílstjóri þeirra, Henri Paul, hafi verið fullur þegar hann settist undir stýri. Hann bætti því hins vegar við að bjónustufólkini hefði verið skipað að segja að Paul hefði eingöngu drukkið appelsínusafa „til að verja konungsfjölskylduna“.

Því hefur lengi verið haldíð fram að Paul hafi verið vel við skál þegar hann keyrði Diönu og Dodi en það hefur aldrei fengist staðfest. Barþjóninn Alain Willaumez er hins vegar viss í sinni sök og segir Paul hafa verið glaseygan og reikulan í spori.

UNDIR STJÓRN ÖLVADS MANNS Diana og Dodi settust upp í bil hjá ölvuðum manni. Paul hafi verið vel við skál þegar hann keyrði Diönu og Dodi en það hefur aldrei fengist staðfest. Barþjóninn Alain Willaumez er hins vegar viss í sinni sök og segir Paul hafa verið glaseygan og reikulan í spori.



**Í ÓNÁÐ** Nýjasta kvíkmynd Nicole Kidman er ekkert sérstaklega vel séð hjá kapólsku kirkjunni.

## Kapólikkar kætast

Yfirljós Vatfkansins í Róm er ákaflega glöð bessa dagana. Ekki þó af því að jólín eru komin heldur vegna bess að aðsóknin á ævintýramyndina The Golden Compass hefur verið langt undir væntingum á heimsvísu. Í leiðara dagblaðsins l'Osservatore Romano sem Vatíkanin gefur út stendur að þetta séu gleðileg tíðindi. The Golden Compass verður tekin til sýningar hér á Íslandi annan í jólum en hún skartar þeim Daniel Craig og Nicole Kidman í aðalhlutverkum. Myndin er byggð á bók Philips Pullman, einhvers þekktasta guðleysingja Bretlands, og hefur ekki þótt mæta þeim kröfum sem til hennar voru gerðar.

Og þótt framleiðendur og leikstjóri myndarinnar hafi í lengstu lög reynt að sneiða framhjá guðleysinu óttuðust æðstu menn í kapólsku kirkjunni að The Golden Compass myndi vekja áhuga barna á bókum Pullmans. „Og bækurnar eru gerilsneyddar allri von,“ stendur í leiðara dagblaðsins. Kapólska kirkjan í Bandaríkjunum hvatti fylgismenn sína til að sniðganga myndina og aðrar kirkjur þar tóku í sama streng.

# LUKKULEIKUR


BYRS OG HONEY NUT CHEERIOS

## Milljón ástæður til að taka þátt!

Nældu þér í Honey Nut Cheerios í næstu búð og taktu þátt í léttum leik. Fjöldi glæsilegra vinninga!



Heildarverðmæti  
vinnings er  
1 milljón króna!



BEEMOVIE.COM

DREAMWORKS

ANIMATION ENTERTAINMENT MEDIA

Bee Movie TM & © 2007 DreamWorks Animation LLC. All Rights Reserved

### VINNINGAR Í LUKKULEIKNUM

**AMX** Vinningur að verðmæti 300.000,-

**ICELANDAIR** Ferðavinningur fyrir two

**BYR** 50.000 króna ferðaávísun

**Gjafaköfur frá Nathan & Olsen**

- Árskort í bíó
- Miðar í bíó
- DVD myndir

Honey Nut  
Cheerios

**BYR**  
SPARISJÓÐUR



# Tvíburaspengja í Hollywood

Undanfarið hafa birst fréttir í erlendum blöðum þar sem leiddar eru líkur að því að söngkonan Jennifer Lopez beri tvíbura undir beltí. Ef rétt reynist bætist hún í stóran hót Hollywood-stjarna sem hafa eignast tvíbura.

Aðþrengda eiginkonan Marcia Cross á tíu mánaða gamlar tvíburadætur sem fengu nöfnin *Eden* og *Savannah*. Faðir þeirra er eiginmaður Marcia, Tom Mahoney. Þegar Marcia var nýverið spurd að því hvernig móðurhlutverkið hefði breytt henni svaraði hún: „Spurningin ætti að vera, hvernig hefur það ekki breytt mér!“

Hinn kynþokkafulli Patrick Dempsey úr *Grey's Anatomy* á tæplega 11 mánaða gamla tvíbura og fimm ára dóttur með eiginkonu sinni Jill. Tvíburarnir eru strákar og heita *Darby* og *Sullivan*. „Við fórum heim til Maine yfir jólín og vonandi fáum við snjó. Þetta verða fyrstu jólín okkar með strákunum. Peir verða líklega farnir að labba þá svo við erum spennit,“ segir faðirinn.

Dennis Quaid og nýfæddir tvíburar hans, Thomas Boone og Zoe Grace, komust í fréttirnar nýlega af því að tvíburarnir voru hætt komnir skömmu eftir fæðinguna. Þeir höfðu fyrir slynsni fengið of stóran skammt af blöðþynningarlyfum og börðust fyrir lífi sínu í nokkra daga. Til allrar hamingju batnaði þeim en Dennis og kona hans, Kimberly, fengu staðgöngumóður til að ganga með tvíburana.

Rapparinn Sean Diddy Combs eignaðist tvíburadætur í desember á síðasta ári með þáverandi kærstu sinni Kim Porter. Þær fæddust með tveggja mínumáta millibili og fengu nöfnin Jessie James og D'Lila Star. Þau Diddy og Kim skildu að skiptum nýverið eftir tíu ára samband en hann hafði meðal annars eignast barn með annarri konu meðan á sambandi peirra stóð.

George Bush Bandaríkjaforseti fellur kannski ekki beint í hót Hollywood-stjarna en tvíburadætur hans, þær Barbara og Jenna, hafa svo sannarlega fengið sinn skammt af svíðsljósini. Þær eru einkadætur forsetans og konu hans

Lauru, fæddar árið 1981. Stelpurnar eru tvíeggja og þykja afar óliskar. Jenna er sú ljóshærða en Barbara er dökkhærð.

Ein frægasta leikkona heims, Julia Roberts, eignaðist tvíburana Hazel og Phinnaeus fyrir þremur árum. Hún á einnig soninn Henry sem er fæddur í júní síðastiðnum. Julia hefur sagt að henni hætti til að ofvernda börnin sín. „Ég hugsa alltaf: Guð, þau meiða sig! En þau eiga eftir að meiða sig. Það er nú málíð. Maðurinn minn er að kenna mér að leyfa þeim að meiða sig en sýna þeim hvernig á að standa aftur upp.“

Hinn 62 ára gamli ofurtöffari Al Pacino á tveggja ára tvíbura með fyrrverandi kærstu sinni, Beverly D'Angelo, sem er 48 ára. Um er að ræða strák og stelpu sem heita Olivia og Anton. Al og Beverly skildu nýverið og hafa síðan deilt um forræði tvíburanna.

Söngparið Diana Krall og Elvis Costello eignaðist tvíburasyni í desember í fyrra. Þeir eru því nýorðnir ársgamlir. Drengirnir heita Dexter Henry Lorcan og Frank Harlan James. Svo skemmtilega vildi til að tvíburarnir fæddust aðeins degi eftir briggja ára brúðkaupsafmæli hjónanna sem giftu sig í London í desember árið 2003.

Stórsöngkonan Melissa Etheridge og kaerasta hennar Tammy eignuðust son og dóttir í október í fyrra. Sonurinn fékk nafnið Miller Steven og dóttirin Johnnie Rose. Mæðurnar sendu frá sér yfirlýsingu eftir fæðinguna sem sagði: „Sköpun nýs lífs færir manni ómælda ást og fyllir framtíðina von. Ánægjan mun fleyta okkur í gegnum komandi svefnlausar nætur.“

Óskarsverðlaunahafinn Holly Hunter eignaðist tvíbura með manni sínum Gordon MacDonald í janúar á síðasta ári. Hún hefur alla tíð lagt mikla áherslu á að halda þeim utan svíðsljóssins, svo mikla að fjölmöldar hafa ekki einu sinni fengið að vita nöfn þeirra. Entertainment Weekly sagði þó einhvern tímann frá því að um tvo drengi væri að ræða.

## FLEIRI FRÆGIR TVÍBURAFORELDRAR

- Leikkonan Angela Bassett og leikarinn Courtney B. Vance úr *Law & Order: Criminal Intent*.
- Fyrverandi ofurfyrirsætan Niki Taylor.
- Fréttakonan Nancy Grace.
- Skóhönnuðurinn Steve Madden (léti hafa eftir sér að hann vildi hafa allt í þörum, líka börn).
- Tónlistarmaðurinn Dave Matthews.
- Emily Robinson úr *Dixie Chicks*.
- Martie Maguire úr *Dixie Chicks* (systir Emily).



**THE GOLDEN COMPASS**

NICOLE KIDMAN SAM ELLIOTT EVA GREEN DAKOTA BLUE RICHARDS DANIEL CRAIG

JÓLAMYNDIN 2007

ÆVINTÝRJÓÐ HEFST 26. DESEMBER

EGO - JÁLFSLAJI  
FELLSHRA ÓL HEYKJARVE  
KENNTIMA 910-2470  
SÍMI: 401-1000

VÖRUK. 83,29  
TIN 13,51  
1000 196,7  
KR/L 97,20

EINFALT GOTT ÓDÝRT

**KÍKTU Á KVITTUNINA**  
Ódýrt eldsneyti + ávinningur!

**ÞÚ GÆTIR UNNIÐ MÍDA Á ÆVINTÝRAMYNDINA**  
**THE GOLDEN COMPASS**

**KOMIN Í BÍÓ**

Hringbraut REGNBOGINN SMÁRRA BIO Borgarbíó REYKJAVÍK

## &gt; Gólfíð í jólafrí

Stjórn Íþróttamiðstöðvarinnar í Dalhúsum í Grafarvogi ákvæð að loka húsini á föstudagsmorgun fyrir jól vegna viðgerða á gólfí. Þetta þýðir að leik Fjölnismanna og Keflavíkur sem átti að fara fram þar í Iceland Express-deild karla á föstudagskvöldið hefur verið frestað um óákvæðinn tíma. Það hefur ekki fengið staðfest hvort taphrina Fjölnismanna á heimavelli hafi verið rekin til gallaðs gólfis en liðið hefur tapað síðustu premur heimaleikjum, þó aðeins með samtals 14 stígum. Það er stefnan að gólfíð verið tilbúið á ný fyrir fyrsta heimaleik Fjölnislöðsins á nýja árinu en liðið fær Íslandsmeistara KR-inga strax í heimsókn 6. janúar.

**sport**  
sport@frettabladid.is



HREIÐAR LEVY GUÐMUNDSSON: FÓR Á KOSTUM MEÐ IK SÄVEHOF Í SÆNSKA HANDBOLTANUM Í GÆR

## Ég vona bara að maður fái nokkra bolta í sig

Hreiðar Levy Guðmundsson, markvörður IK Sävehof og íslenska landsliðsins, átti stóran þátt í sigri liðs síns gegn Alingsås HK í toppbaráttu sœnska handboltans í gær. Hreiðar kom inn á í hálflíki í stöðunni 10-13 fyrir Alingsås HK og vann sig fljótt inn í leikinn. „Það var alveg stappað í húsini enda um nágrannaslag að ræða og mikil í húfi fyrir bæði liðin í toppbaráttunni. Ég fékk strax á mig eitt mark og síðan varð maður heitur og ég fann mig mjög vel og við sigldum rólega fram úr,“ sagði Hreiðar, sem lokaði markinu á síðustu 5 mínútum leiksins og gerði gefumuniinn fyrir IK Sävehof sem skoraði fjögur mörk á þeim kafla leiksins og situr sem stendur í þróðja sæti deildarinnar. „Ég náði að verja víti í stöðunni 22-20 fyrir okkur og í framhaldinu skorunum við og komumst í þriggja marka forskot og þá fannst

mér sigurinn í raun vera í höfn,“ sagði Hreiðar en númerandi samningur hans við IK Sävehof rennur út eftir tímabilið. „Forráðamenn liðsins komu að tali við mig eftir leik og töku aðeins þúlsinn á málum og gerðu mér ljóst að þeir vildu halda mér áfram hjá liðinu. Það er auðvitað alltaf ánægilegt að vita af því að maður sé að standa sig vel, en mér finnst hins vegar æfingaálagið alveg mega vera meira fyrir mig persónulega og þetta er náttúrulega að svona hálftatnummennska hjá flestum leikmönnum liðsins. Þannig að ég ætla að sjá aðeins til hvað gerist í minum



málum og ræða við umboðsmann minn og athuga hvað er í boði og taka svo ákvörðun út frá því,“ sagði Kristinn, sem hlakkar mikil til komandi verkefnis Íslenska landsliðsins á Evrópumeistaramóti í handbolta. „Ef allt smellar saman hjá landsliðinu þá getum við verið hættulegir þó svo að riðillinn okkar með Svíum, Frókkum og Slóvkum sé ekkt grín. Það opnar líka vissulega margar möguleika að standa sig vel á stórmóti þannig að ég vona bara að maður fái nokkra bolta í sig.“



ALLUR AD BRAGGAST Einar Hólmeirsson er að komast í gang á ný.

FRÉTTABLAÐID/VILHELM

Einar Hólmeirsson:

### Raðaði í lokin

**HANDBOLTI** Einar Hólmeirsson skoraði 3 af 4 mörkum sínum á síðustu sjö mínútunum í 34-26 sigri Flensburg Á Birki Ívari Guðmundssyni og félögum TuS N-Lübecke í þýska handboltanum.

Alexander Petersson skoraði 3 mörk fyrir Flensburg í leiknum en Þórir Ólafsson lék ekki með N-Lübecke vegna meiðsla. Danirnir Lars Christiansen (8) og Kasper Nielsen (7) voru marka-hæstir hjá Flensburg en liðið tryggði sér með þessum sigri topsætið í EM-frífinu.

- óój

## Spáir Gróttu og Stjörnunni í úrslit

Leikið verður í undanúrslitum N1-deildarbikars kvenna í handbolta í Laugardalshöll í kvöld. Díana Guðjónsdóttir, þjálfari kvennaliðs Hauka, telur að Gróttu og Stjarnan komist í úrslitaleikinn á laugardag.

**HANDBOLTI** Í kvöld verður leikið í undanúrslitum N1-deildarbikars kvenna í handbolta og fara leikirnir fram í Laugardalshöll. Framteukur á móti Gróttu kl. 18.30 og strax á eftir kl. 20.30 mætað Valur og Stjarnan. Fréttablaðið fékk Díónu Guðjónsdóttur, þjálfara kvennaliðs Hauka, til þess að spá í spilin fyrir leiki dagsins.

Fjögur efstu lið N1-deildarinnar vinna sér þátttökurétt og efsta liðið leikur við liðið í fjórða sæti og liðin í öðru og þróðja sæti leika saman. Sigurlíðin leika svo til úrslita á næstkomandi laugardag í Laugardalshöllinni kl. 13.40.

Framstúlkur eru á toppnum og mæta því Gróttustúlkum sem eru í fjórða sæti en liðin gerðu jafn-

tefli í deildinni um miðjan október á Seltjarnarnesi.

„Ég á von á hörku baráttuleik á milli þessarra liða. Framliðið er með ungar hungraðar stelpur sem hafa greinilega gaman af því að spila handbolta og hafa spilað lengi saman. Þær eru því mjög skipulagðar og vinna vel saman og eru baráttuglaðar. Gróttu spilar náttúrulega frábæra vörn og er með hávaxið og líkamlega sterkt lið og með góða breidd,“ sagði Díana Guðjónsdóttir, sem hallast þó að því að Gróttu fari með sigur af hólmri.

„Þetta verður mjög jafn leikur en ég var búin að heyra að Pavla

Nevarilova, línumaður Fram, yrði fjarverandi í leiknum og það munar rosalega mikil um hana í leik Framliðsins. Gróttuliðið verður náttúrulega að öllum líkendum án Eva Margrétar Kristinsdóttur sem er meidd, en liðið hefur fengið Ingibjörgu Jónsdóttur til að fylla hennar skarð og það er mikill styrkur og ég held að Gróttu vinni leikinn,“ sagði Díana.

Valsstúlkur eru í öðru sæti en Stjarnan í því þróðja en gengi liðanna hefur verið ólíkt upp á síðkastið þar sem Valur hefur unnið fjóra leiki í röð í deildinni og Stjarnan tapað þar þremur í röð. Stjarnan vann viðureign liðanna í Mýrinni í byrjun nóvember.

Díana telur enn og aftur miklu skipta hvaða leikmenn verða líklega fjarverandi í dag.

„Það er í raun sama uppi á tengningum í leik Vals og Stjörnunnar hvað varðar hugsanlega fjarveru lykilmanna að ég hef heyrta að ungversku stelpurnar verði ekki með Val í leiknum og það munar um minna. Sérstaklega hefur Eva Barna verið frábær og ég efast ekki um að ef hún væri með myndi Valur vinna, hún er búin að vera það öflug. En að sama skapi held ég að Valur lendi í vandræðum án hennar og þetta gæti verið erfitt fyrir Val. Það hefur náttúrulega

mikið gengið á hjá Stjörnunni en ég held að Stjörnustúlkur eigi örugglega eftir að þjappa sér saman og berjast til sigurs í leiknum. Þannig að ég held að Stjarnan vinni leikinn, en ég gæti vel trúð því að Valur ætti jafnvel eftir að vinna N1-deildina,“ sagði Díana að lokum.

omar@frettabladid.is



# SKYNDI-HJÁLPAR-MAÐUR

Rauði kross Íslands auglýsir eftir ábendingum um einstakling sem hefur á árinu 2007 bjargað mannslífi með réttum viðbrögðum í skyndihjálp.

# ÁRSINS 2007

Ábendingar skulu berast Rauða krossi Íslands fyrir 15. janúar. Viðurkenningar verða veittar þann 11. febrúar. Nánari upplýsingar um tilnefningar og hvernig staðið er að valinu má finna á www.redcross.is

Foton/SÍA F1015960



N1, sem er samstarfsaðili Rauða krossi Íslands um útbreiðslu á skyndihjálp, veitir skyndihjálpmanni ársins sérstaka viðurkenningu.



Rauði kross Íslands  
www.redcross.is

Jón Arnór Stefánsson hjá Lottomatica Roma:  
Heitur á útvöllum

**KÖRFUBOLTI** Jón Arnór Stefánsson, leikmaður Lottomatica Roma á Ítalíu, hefur leikið vel í íþöldku deildinni og var stigahæstur í síðasta leiksins þegar liðið tapaði 78-86 fyrir Premiata Montegranaro Á útvelli.

Jón Arnór skoraði 14 stig á 24 mínútum í leiknum og hitti úr öllum fimm skotunum sínum. Þetta var þróðji deildarleikurinn í vetur sem Jón Arnór er stigahæsti leikmaður Lottomatica en hann var einnig stigahæstur í sigurleikjum á Eldo Napoli 11. október (16 stig) og Armani Jeans Milano 18. nóvember (17 stig).

Jón Arnór hefur verið sjóðheitur á útvelli í vetur því hann hefur hitt úr 51,5 prósent briggja stiga skota sínum í átta útleikjum liðsins. Jón Arnór hefur sett niður 2,1 briggja stiga körfu að meðaltali í leik í þessum leikjum og er með 51,9 prósent

heildarskotnytingu utan Rómars. Í heimaleikjunum sjó hefur hann hitt úr 33,3 prósentum briggja stiga skota sína og skorad 1,7 þrista að meðaltali í leik og heildarskotnytingin hans par er 10 prósentstigum lakari en hún er í útleikjunum. Jón Arnór hefur skorað 10,3 stig að meðaltali á 20,4 mínútum í útleikjum en er með 9,9 stig á 26,7 mínútum í heimaleikjunum.

Jón Arnór og félagar eiga annan útleik í kvöld þegar þeir sækja Scavolini Spar Pesaro heim. Jón Arnór hefur verið utan byrjunarliðsins í síðstu þremur

leikjum en nýtt bæði, sinn spilatíma og sín skot, vel í þessum leikjum. Hann er með 23,4 stig á hverjar 40 mínutur í þessum leikjum og hefur sett niður 72,2 prósent skota sína og því er það ekki ólíklegt að Jón Arnór verði kominn aftur í byrjunarliðið fyrir leikinn í kvöld.

- óój



**ÚRSLITIN Í GÆR****Ensku úrvalsdeildin**

Chelsea-Aston Villa	4-4
0-1 Shaun Maloney (14.), 0-2 Shaun Maloney (44.), 1-2 Andrei Shevchenko, viti (45.), 2-2 Andrei Shevchenko (50.), 3-2 Alex (66.), 3-3 Martin Laursen (72.), 4-3 Michael Ballack (88.), 4-4 Gareth Barry, viti (90.).	
Tottenham-Fulham	5-1
1-0 Robbie Keane (27.), 2-0 Tom Huddlestone (45.), 2-1 Clint Dempsey (60.), 3-1 Keane (62.), 4-1 Huddlestone (71.), 5-1 Jermain Defoe (90.).	
West Ham-Reading	1-1
1-0 Nolberto Solano (42.), 1-1 Dave Kitson (60.).	
Birmingham-Middlesbrough	3-0
1-0 sjálfsmark (22.), 2-0 Mikael Forssell (45.), 3-0 Gary McSheffrey (90.).	
Derby-Liverpool	1-2
0-1 Fernando Torres (12.), 1-1 James McEveley (67.), 1-2 Steven Gerrard (90.).	
Everton-Bolton	2-0
1-0 Phil Neville (51.), 2-0 Tim Cahill (70.).	
Sunderland-Man. United	0-4
0-1 Wayne Rooney (20.), 0-2 Louis Saha (30.), 0-3 Cristiano Ronaldo (45+3.), 0-4 Louis Saha (86.).	
Wigan-Newcastle	1-0
1-0 Ryan Taylor (65.).	
Portsmouth-Arsenal	0-0

**STÁÐAN Í DEILDINN**

Man. United	19	14	3	2	36-9	45
Arsenal	19	13	5	1	36-15	44
Chelsea	19	11	5	3	29-14	38
Liverpool	18	10	6	2	33-12	36
Man. City	18	10	4	4	25-20	34
Everton	19	10	3	6	34-18	33
Portsmouth	19	8	7	4	29-19	31
Aston Villa	19	8	6	5	33-25	30
West Ham	18	7	5	6	23-16	26
Blackburn	18	7	5	6	23-25	26
Newcastle	19	7	5	7	26-29	26
Reading	19	6	4	9	25-36	22
Tottenham	19	5	6	8	35-32	21
Birmingham	19	5	3	11	21-30	18
Bolton	19	4	5	10	21-29	17
Middlesbrough	19	4	5	10	17-33	17
Wigan	19	4	4	11	19-34	16
Fulham	19	2	8	9	20-34	14
Sunderland	19	3	5	11	17-38	14
Derby	19	1	4	14	9-43	7

Chicago Bulls rak Scott Skiles:  
**Slæm jólagjöf**

**KÖRFUBOLTI** Scott Skiles fékk ekki góða jólagjöf frá liði sinu Chicago Bulls, sem rak hann á aðfangadagskvöld.

Chicago hefur verið í tómu tjóna eftir að væntingarnar voru miklar til liðsins í vetur en eftir þrjú töp í síðustu fjórum leikjum braut þolinmæði forráðamanna félagsins.

Skiles var búinn að bjálfa Chicago síðan í nóvember 2003 og undir hans stjórn vann liðið 165 leiki og tapaði 172. Aðstoðarmenn Skiles munu líklega klára tímabilið hjá liðinu.

- óój



NÁ VEL SAMAN Brandon Roy og Steve Blake hjá Portland. NORDICPHOTOS/GETTY

Yngsta lið NBA-deildarinnar:  
**Portland með ellefu í röð**

**KÖRFUBOLTI** Portland Trailblazers er svo sannarlega spútníklíð NBA-deildarinnar í vetur en yngsta lið deildarinnar er nú búið að vinna ellefu leiki í röð.

Portland, sem tapaði 50 leikjum á síðasta tímabili, missti fyrsta valrétt sinn, Greg Oden, í meiðsli og tapaði 12 af fyrstu 17 leikjum vetrarins, vann nú síðast Seattle 89-79. Petta er lengst sigurganga félagsins síðan tímabilið 2001-02.

„Það hafa allir smollið saman. Allir eru að tala saman í vörninni og það kvartar enginn. Petta er einstakt lið,“ sagði Channing Frye. Brandon Roy, besti nýliðinn í fyrra, var atkvæðamestur með 17 stig og 7 stoðsendingar en umræddur Frye var með 12 stig og 8 frákost á 23 mífnútum en 9 leikmenn liðsins spiluðu á milli 20 og 30 mínútur í leiknum.

Hermann Hreiðarsson og félagar í Portsmouth gerðu markalaust jafntefli við Arsenal á Fratton Park í gær:

# Fyrstir til að halda hreinu gegn Arsenal

**FÓTBOLTI** Portsmouth og Arsenal skildu jöfn á Fratton Park í ensku úrvalsdeildinni í gærkvöldi. Arsenal var meira með boltann en náiði ekki að brjóta vörn Portsmouth á bak aftur.

Fyrri hálfleikurinn var fremur tíðindalitill á Fratton Park. Arsenal var meira með boltann heilt yfir í fyrri hálfleik án bess þó að koma sér í nægilega góð söknarfærri og staðan var því enn 0-0 þegar hálfleikslautan gall.

Seinni hálfleikurinn byrjaði fyrlega með hörkusókn hjá Arsenal sem gaf fögur fyrirheit um það sem koma skyldi. Það var hins vegar allt með kyrrum kjörum bangað til um stundarfjórðungur

lifði leiks að Benjamin Mwaruwari, framherji Portsmouth, fékk gott færri. Mwaruwari komst einn inn fyrir vörn Arsenal og náiði að leika á Manuel Almunia í markinu, en missti boltann of langt frá sér.

- óþ

Varamaðurinn Nicklas Bendtner, sem frískaði upp á leik Arsenal, lagði upp frábært færri sem Tékkinn Tomas Rosicky misnotaudi í uppbótartíma og þar með rann síðasta tækifærið í sandinn og 0-0 jafntefli því niðurstaðan.

- óþ

**BARÁTTA** Hermann Hreiðarsson gefur hér ekkert eftir í baráttunni við Alexander Hleb í markalausum leik á Fratton Park í gærkvöldi. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES



# Heilsuátak

Hefst 7. janúar

8  
vikna átak

## Kvennaátak

### Námskeið

kl. 06.05 mán / mið / fös  
kl. 10.15 mán / þri / fim  
kl. 17.30 mán / mið / fim



13kg  
farin  
Anna  
Þórðardóttir

### Hringdu strax og skráðu þig!

Síðast komust færri að en vildu.

Skráning og nánari upplýsingar  
í síma 565 2212 eða á mottaka@hress.is

## Karlaátak

### Námskeið

kl. 18.30 mán / þri / fim  
kl. 19.30 mán / þri / fim



14kg  
farin  
Óskar Nikulásson

### INNIFALIÐ Í VERÐI:

- Þrí lokaðir, árangursrikir og fjölbreyttir tímar í viku
- Kennsla í höndum fagfólks
- Vigtun, fitu- og ummálmæling
- Fræðsluefni
- Frjáls mæting í alla opna tíma og tækjasal
- Fylgst með mataræði

Verð kr. 19.990

Verð fyrir korthafa Hress kr. 10.000

Námskeið hefjast 7. og 8. janúar

## ROPE YOGA

Rope Yoga-kort veitir aðgang að öllum öðrum opnum tínum og tækjasal.

Verð kr. 19.990

Verð fyrir korthafa Hress kr. 11.000



FIMM MÖRK Guðjón Valur Sigurðsson leikmaður Gunnarsbach.

Gunnarsbach tapaði í gær:

## Fimmta sætið úr myndinni?

**HANDBOLTI** Gunnarsbach tapaði 33-38 fyrir Rhein-Neckar Löwen á útvinnu í þýska boltanum í gær.

Guðjón Valur Sigurðsson skoraði 5 mörk úr 8 skotum gegn sínum verðandi félögum og Róbert Gunnarsson var með 2 mörk úr sínum 3 skotum. Sverre Andreas Jakobsson skoraði ekki.

Tapið þýðir að Gunnarsbach er áfram í 6. sæti í þýsku deildinni en með sigri hefðu lærisveinar Alfreðs Gíslasonar hins vegar komist upp fyrir Rhein-Neckar Löwen í 5. sætið.

- óþ



MARKAHÆSTUR Í GÆR Valdimar Þórsson hjá Malmö.

FRETTABLAÐIÐ/ANTON

Sænski handboltinn:

## Valdimar með sjö í tappleik

**HANDBOLTI** HK Malmö, lið Valdimars Þórssonar og Guðlaugs Arnarssonar, tapaði 36-29 gegn IF Guif í sænska handboltanum í gær og liðið er því aðeins með níu stig eftir átján leiki í þrettánda og næst neðsta sæti þegar deildin fer í fri fram yfir Evrópukeppina í Noregi.

Valdimar átti góðan leik með HK Malmö og skoraði sjö mörk úr ellefu skotum sínum og Guðlaugur skoraði eitt mark úr tveimur skotum í leiknum.

- óþ

### Allar gerðir iðnaðarpentara og álímingarvélá.

Bleksprautpentrarar, límmiðapentrarar, miðaálímingavélar, filmuprentrarar, kassapentrarar og laserpentrarar.

### Mjög viðmótsvænir og áreiðanlegir.



Vélmak ehf.  
upplýsingar í síma: 445-9930.

# Leikurinn sem bauð upp á allt

Pað voru átta mörk, þrjú rauð spjöld og tvö víti í uppbótartíma í 4-4 jafntefli Chelsea og Aston Villa á Stamford Bridge í gær. Brynjar Björn Gunnarsson var rekinn út af á 29. mínuðu en Reading náði samt í stig.

**FÓTBOLTI** Hvort sem það voru mörkin átta, vínin tvö, rauðu spjöldin þrjú, markmannsmistök Petr Čech eða glæsimark Michael Ballack beint úr aukaspurnu, þá fengu áhorfendurnir á Stamford Bridge eða heima í stofu stóran og úttröðinn jólakappa frá leikmönnum Chelsea og Aston Villa í dramatísku 4-4 jafntefli liðanna í gær.

Chelsea lenti 0-2 undir en Andriy Shevchenko jafnaði leikinn með tveimur mörkum sitt hvor megin við hálfleik og Chelsea-liðið komst síðan tvívar sinnum yfir í seinni hálfleik áður en Gareth Barry tryggði Aston Villa stig með marki úr vitaspurnu í uppbótartíma.

Áður en yfir lauk höfðu Chelsea-mennirnir Ricardo Carvalho og Ashley Cole fengið að líta rauðu spjaldið og Gareth Barry jafnaði leikinn úr viti sem dæmt var á Cole fyrir að verja með höndum á marklínú.

Martin O'Neill, stjóri Aston Villa, var ekki sáttur við vitaspurnudóminn í lok fyrri hálfleiks.

„Rauða spjaldið hans Zat Knight var lykildómur í leiknum. Eg er búinn að sjá þetta nokkrum sinnum aftur og betta var ekki viti. Pað var engin snerting. Við vorum að spila frábærlæg og áttum skilið að vera komnir í 2-0. Allt í einu er staðan orðin 2-1 og við manni færri allan seinni hálfleikinn,“ sagði O'Neill, sem var ánægður með spilamennskuna hjá sínum mónum. „Við vorum frábærir og áttum skilið ekkert minna en stig enda gerðum við nóg til þess að vinna þrijá leiki. Við gáfumst líka aldrei upp og risum tvívar upp frá dauðum,“ bætti O'Neill við.

Avram Grant, stjóri Chelsea, hefði áhyggjur af leikmannhópnum sínum því Frank Lampard fór út af meiddur í fyri hálfleik, Ashley Cole og Ricardo Carvalho eru á leiðinni í þriggja leikja bann í kjólfar rauðu spjaldanna og fyrir eru þeir Didier Drogba og John Terry á meðslalistanum.

„Við spiluðum ekki vel í fyrri hálfleik en við áttum seinni hálfleikinn enda var betta mun auðveldara gegn tíu mónum. Þetta var skemmtilegur leikur fyrir áhorfendur en fyrir okkur voru

betta tvö töpuð stig,“ sagði Grant eftir leikinn.

### Rauð á Brynjar Björn

Brynjar Björn Gunnarsson hjá Reading fékk beint rauð spjald fyrir tveggja fóta tæklingu eftir aðeins 29 mínuðna leik og Nolberto Solano kom West Ham yfir rétt fyrir hálfleik en samt tókst Ívar Ingimarssyni og hinum níu leikmönnum Reading að landa stigi á Upton Park. Dave Kitson



DUGÐI EKKI Michael Ballack hélt að hann hefði tryggt Chelsea öll stigin þegar hann skoraði beint úr aukaspurnu rétt fyrir leikslok.

NORDICPHOTOS/GETTY

skoraði jöfnunar-markið eftir hornspurnu þegar klukktími var liðinn og vörn Reading hélt út með Ívar í fararbroddi.

„Við byrjuðum vel en stólnum var kippt undan okkur þegar Brynjar var rekinn út af. Ég vil eins og allir aðrir losna við tveggja fóta tæklingar úr leiknum. Ég veit að Brynjar var ekki að reyna að meiða neinn en þetta er bara rauð spjald samkvæmt bókinni,“ sagði Steve Coppell, stjóri Reading, sem sagðist æfa liðið sitt í að spila manni færri og það skilaði stigum í gær.

Alan Curbishley, stjóri West Ham, var pirraður í leikslok. „Við erum rosalega vonsvikir. Við töpuðum tveimur stigum og þó að þetta hafi ekki verið frábær frammistaða fengum við færin til þess að klára leikinn,“ sagði Curbishley.

### Gerrard bjargaði málunum

Steven Gerrard tryggði Liverpool nauman sigur á botnliði Derby þegar hann fylgdi á eftir skoti Fernando Torres sem hafði áður komið Liverpool yfir í upphafi leiks með flottu marki. Sigurmark



### LIVERPOOL-HJARTAÐ

Steven Gerrard fagnar sigurmarki síknu.

NORDICPHOTOS/GETTY

Gerrards kom á síðustu stundu þegar allt stefndi í afar óvænt jafntefli og enn eitt áfallið fyrir meistaravonir Liverpool-liðsins.

„Við vorum miklu betri í fyrri hálfleik en tókst ekki að klára leikinn. Þetta varð því mjög erfitt en Gerrard er einmitt leikmaður sem getur bjargað málunum fyrir okkur,“ sagði Rafael Benitez, stjóri Liverpool.

„Við áttum þetta ekki skilið eftir að hafa barist á fullu allan leikinn. Við vorum bara hræddir í fyrri hálfleik en í seinni hálfleik vorum við grimmir og sýndum það sem stuðningsmennirnir okkar vilja sjá,“ sagði Paul Jewell, stjóri Derby.

Juanito Ramos, stjóri Tottenham, heimtaði að nokkrir leikmanna liðsins léttust og Tom Huddlestone, sem skoraði tvö 5-1 sigri á Fulham í gær, var einn af þeim.

„Við erum ánægðir með að leikmenn hafa náð að léttu sig. Við höfum áhyggjur af þyngi Toms en hann hefur lagt mikil á sig og er að uppskera samkvæmt því,“ sagði Ramos en Huddlestone skoraði tvö mörk og lagði upp eitt. Ramos leyfði samt mónum að fá kalkulún á jólagdag.

„Kalkúnn er hollur og eitt af því sem ég hef mælt með fyrir mína menn,“ sagði Ramos en Tottenham hefur unnið þrjá af síðustu fjórum leikjum sínum.

ooj@frettabladid.is



SVEKKTUR Brynjar Björn Gunnarsson gengur af velli eftir að hafa fengið að líta rauða spjaldið.



LÉTTIR Tom Huddlestone og Robbie Keane skoruðu báðir tvö mörk.

NORDICPHOTOS/GETTY



RIFUST Það gekk á ýmsu hjá Rafael Benitez og Paul Jewell, sem eru hér ósáttir með hvorn annan.

NORDICPHOTOS/GETTY

## Englandsmeistarar Manchester United gerðu góða ferð á leikvang Ljósanna: Sigur United aldrei í hættu

**FÓTBOLTI** Manchester United mætti í heimsókn til Roy Keane og lærisveina hans í Sunderland sem voru ekki mikil fyrirstaða á Leikvangi Ljósanna í gærðag. United vann leikinn örugglega 0-4 og komst þar með á topp deildarinnar, í það minnsta tímabundið.

Wayne Rooney skoraði fyrsta markið fyrir Manchester United á tuttgastu mínútu með laglegu skoti frá vítateigslínunni. Hann meiðslumhrjái Louis Saha fékk svo uppreisn æru þegar hann bætti öðru marki við þegar hálf-tími var liðinn af leiknum eftir góðan undirbúning Rooney. Þriðja markið var einkar glæsilegt og ekki á allra færi, en Cristiano Ronaldo skoraði þá gull af marki beint úr aukaspurnu upp í markhornið vinstra megin.

Í seinni hálfleik róðaðist leikur-

inn talsvert og þó svo að Sunderland hafi reynt að klóra í bakkann var United frekra líklegra til að bæta við marki en Sunderland til að minnka muninn. Sú varð líka raunin á lokamínúnum þegar brotið var á Nani innan vítateigs Sunderland og vítaspurna dæmd sem Saha skoraði úr og þar við

sat. Sigur United var aldrei í hættu í leiknum og stuðningsmenn liðsins gátu einnig glaðst yfir endurkomu Ji-Sung Park sem kom inn á fyrir Ronaldo í seinni hálfleik eftir að hafa verið frá vegna meiðsla síðan í mars.

Carlos Queiroz, aðstoðarstjóri United, var káturn með sína menn í leikslok.

„Þetta var frábær frammistaða Manchester United. Liðið lék með sterkum vilja, góðri einbeitingu og mikilli hreyfingu leikmanna án bolta. Fyrsta

markið var gríðarlega mikilvægt og það gerði okkur vissulega lífið léttara að komast yfir svona snemma í leiknum.“

- óþ



MARKAHRÓKAR Saha og Rooney.

NORDICPHOTOS/GETTY

**N1 DEILDARBIKARINN**  
**Í HANDBOLTA**

**N1**

**UNDANÚRSЛИT KVENNA**

**FIMMTUDAGUR 27. DESEMBER**

**LAUGARDALSHÖLL**

**KL 18:30 FRAM - GRÓTTA**

**KL 20:30 VALUR - STJARNAN**

**ÚRSLITALEIKIRNIR VERÐA SPILAÐIR**

**LAUGARDAGINN 29. DESEMBER**

**EITT VERÐ, 1000 KRÓNUR. MIÐINN GILDIR**


**Á ALLA LEIKI Í N1 DEILDARBIKAR KARLA OG KVENNA**

# BT

## BT FRAMKÖLLUN TÆMDU HARÐA DISKINN! ÓDÝRASTA FRAMKÖLLUN ÍSLANDS

BT kynnir ódýrustu myndaframköllun á Íslandi. 100 myndir á aðeins 1.999 krónur. Komdu með myndirnar þínar á geisladisk til okkar og við framkóllum fyrir þig á hágæða Kodak pappír. Framkóllunartíminn getur tekið allt að 6 virka daga. Lágmarksstærð mynda 600x600dpi.

**Kodak**



## 100 MYNDIR

• 1.999  
100 myndir

**Canon**

Canon 400D  
CANON400DBUNDLE  
10 megapixla D-SLR  
Rykvörn á myndflögu  
Anti-static yfirborð á myndflögu  
2,5" LCD skjár 230 þúsund punktar  
Niú punkta autofokus kerfi (úr 30D)  
Digic II hráðari örgjörví (miðað við 350D)  
Nemi við leitara slekkur á skjá þegar hún er borin ad auganu.  
Batterigríp fylgir  
18-55mm f/3,5-5,6 aðdráttarlinsa fylgir  
55-200mm f/4,5-5,6 aðdráttarlinsa fylgir  
Highly Recommended - dpreview.com  
"Verðugur arftaki 350D" - Phil Askey



1. GREIÐSLA  
1. apríl 2008

FLUGELDA PAKKI!

NÝ  
SENDING!

129.999

BT  
LÁN

Verð frá:  
3.691

59 mánaða

## VELDU EINN AF PREMUR KAUPAUKUM MEÐ MYNDAVÉLINNI!

**KAUPAUKI 1**



• 14.999

**KAUPAUKI 2**



• 14.999

**KAUPAUKI 3**



• 14.999

## &gt; Jude Law

„Framinn, og jafnvel lífið sjálf, væri ekki neins virði ef ég hefði ekki konuna mína og børn mér við hlið. Þau eru mér allt,” sagði Jude Law eitt sinn en hann er núna frásílinn. Law sést einmitt í hlutverki glaumgosaans Alfie sem Stöð 2 Bíó sýnir í dag.

# dagskrá



## VIÐ TÆKIÐ PÓRUNN ELÍSABET BOGADÓTTIR VELTIR JÓLADAGSKRÁNNI FYRIR SÉR

# Pegar útvarp og sjónvarp fara í sparifötin

Á jólunum gera sjónvarps- og útvarsstöðvar það sama og þjóðin öll. Þær leggja sig fram við að gera jólín sem best og fara í sitt fínasta þúss. Það sést til dæmis á því að dagskráin hjá Sjónvarpinum, Stöð 2 og Skjá einum verður samtímis góð á öllum stöðvum. Það gerist ekki á hverjum degi, oft þarf meira að segja að leggja virkilega mikil að sig til þessa að finna eitthvað sem haeft er að horfa á í sjónvarpinu. Svoleiðis er það ekki um jólín. Þessar þrjár stöðvar hafa staðið sig ágætlega í jóladagskránni í ár. Á aðfangadag, jóladag og annan í jólum voru skemmtilegar myndir á dagskrá bæði hjá Sjónvarpinu og Stöð 2, meira að segja svo ágætar að það var oft á tímum erfitt að velja á milli. Allavega fyrir þá sem á annað borð ætluðu að hella sér í sjónvarpsglápi. Myndirnar voru að vísu allar í hugljúfari kantinum, en ef það á einhvern tímann vel við þá hlytur það að vera á jólum.

Skjáriinn var ekki í sama gír og hinari stöðvarnar tvær. Mér fannst að

minnsta kosti frekar óviðeigandi að horfa á glæpa- og morðþætti á aðfaranótt jóladags. Skjáriinn átti þó sína spretti með sýningum frá skemmtilegum tónleikum í gær.

Útvarpip stendur líka fyrir sínu um jólín. Jólakveðjurnar á þorlaksmessu eru ómissandi, og einnig það að heyra klukkurnar hringi inn jólín og þulinn segja „útvarp Reykjavík, útvarp Reykjavík, gleðileg jól“. Svo er eins og jólalagavalið sé vandað rétt yfir háfiðarnar, og þeim fjölmörgu leiðinlegu jólalögum sem fengið hafa að hljóðum á aðventunni sé gefið frið.

Það besta að þó enn eftir að koma. Mér finnst jóladagskráin nefnilega yfirleitt ná hámarki að gamlaársdag. Það er hægt að horfa á nokkrar fréttatannála, bæði innlenda, erlenda og úr íþróttum. Auk þess eru skemmtilegir umræðubættir og svo lýkur þessu auðvitað öllu með áramótaskaupinu. Í ár verður spennan svo enn meiri en venjulega - að sjá auglysinguna í miðju skaupinu.



### EKKI MISSA AF



► 20.00 The Office SKJÁREINN



► 22.00 Office Space SÍRKUS



► 22.00 Young Adam STÖÐ 2 BíÓ



► 22.30 Silent Witness STÖÐ 2



► 23.15 O Brother, Where Art Thou? SJÓNVARPIÐ

### SJÓNVARPIÐ

16.35 Leiðarljós (Guiding Light)

17.20 Táknámsfréttir

17.30 Ævintýri Friðrikku og Leós (2:3)

18.00 Stundin okkar

18.30 Svona var það (15:22)

19.00 Fréttir

19.30 Veður

19.35 Kastljós | bættinum verður horft um öxl til markverðustu viðburða ársins og skyggnt fram á nýja árið og spáð í hvað það ber í skauti sér.

20.40 Bræður og systur (21:23) (Brothers and Sisters) Bandarísk þáttaröð um hóp systina, viðburðaríkt líf beirra og fyrug samskipti. Meðal leikenda eru Dave Annable, Calista Flockhart, Balthazar Getty, Rachel Griffiths, Rob Lowe og Sally Field.

21.25 Verstu jól á evinnar (1:3) Bresk gamanþáttaröð um hrakfallabálkinn Howard sem ólónið eltir alla jólaháttíðina. Seinni þættirnir tveir verða sýndir á föstudags- og laugardagskvöldi.

22.00 Tíufréttir

22.25 Krakatá - Síðustu dagarnir (2:2) Seinni hluti leiknarr breskrar heimildarmyndar um spengigosið mikla á eldfjallaeynni Krakatá í Indónesíu í ágúst 1883.

► 23.15 Ó, bróðir, hvar ert þú? (O Brother, Where Art Thou?) Bandarísk bíómynd frá 2000. Hér er Ódyssefskvíða Hómers látin gerast í Suðurríkjum Bandaríkanna á 4. áratug síðustu aldar. Þrír strokfangar leita að földum fjársjóði en laganna vorður er á hælunum á þeim.

01.00 Kastljós

02.00 Dagskrálok

### 2 BíÓ STÖÐ 2 BíÓ

06.05 Alfie

08.00 Cloak and Dagger

10.00 Melvin and Howard

12.00 The Brooke Ellison Story

14.00 Cloak and Dagger

16.00 Melvin and Howard

18.00 The Brooke Ellison Story

20.00 Alfie

► 22.00 Young Adam Sérlega áhrifamikil og myrk sakamálasaga með Ewan McGregor, sem hlotið hefur mikil lof gagnýnnda.

00.00 Control

02.00 Hood Rat

04.00 Young Adam

### 2

07.00 Stubbnar

07.25 Tommi og Jenni

07.50 Kalli kanína og félagar

08.00 Kalli kanína og félagar

08.10 Kalli kanína og félagar

08.15 Studio 60 (19:22)

08.55 Í finu formi

09.10 The Bold and the Beautiful

09.35 Wings of Love

10.20 Commander In Chief (18:18)

11.15 Vegfóður (19:20)

12.00 Hádegisfréttir

12.45 Nággrannar

13.10 Wings of Love

13.55 Wings of Love

14.40 Pirate Master (10:14)

15.55 Nornafélagið

16.18 Hvölpurinn Scooby-Doo

16.43 Doddi litli og Eyrnastór

16.53 Doddi litli og Eyrnastór

17.03 Magic Schoolbus

17.28 The Bold and the Beautiful

17.53 Nággrannar

18.18 Ísland í dag og veður

18.30 Fréttir

18.50 Ísland í dag

19.25 The Simpsons (Simpsons Christmas Stories)

19.50 Friends

20.15 Eldsnöggt með Jóða Fel (10:10)

Sérstakur áramótapáttur með Jóða Fel þar sem sjónvarpskokurinn vinsæli reiðr fram sannkallaða áramótaveisu. 2007.

20.50 Two and a Half Men (19:24)

21.20 'Til Death (19:22)

21.45 Numbers (11:24)

► 22.30 Silent Witness (8:10) Dr. Sam Ryan er snúin aftur í tunda sinn en hún hefur engu gleymt þegar kemur að rannsókn flókinna sakamála.

23.25 Cinderella Man Sannsöguleg mynd eftir Óskarsverðlaunaleikstjórnun Ron Howard um hnafaleikakappann Jim Braddock.

01.45 I Still Know What You Did Last Summer

03.25 Everbody's Doing It

04.50 Cold Case (17:23)

05.35 Fréttir og Ísland í dag

06.30 Tónlistarmyndbund frá Popp TiVi

### SYN besta sætið

07.00 Þýski handboltinn Útsending frá leik RN Löwen og Gummersbach.

17.10 Þýski handboltinn Útsending frá leik RN Löwen og Gummersbach.

18.30 Presidents Cup 2007 Þáttur þar sem fyllað er um Forsetabikarinn 2007.

19.20 Sterkasti maður í heimi 1985

20.20 Cristiano Ronaldo Glæsilegur heimildarþáttur um einn besta knattspyrnumann heims í dag.

21.10 Inside Sport (Gordon Strachan)

21.40 Bardaginn mikli (Sugar Ray Robinson - Jake LaMotta) Að margra mati er Sugar Ray Robinson besti boxari allra tíma. Hann gerðist atvinnumaður 1940 og átti langan feril. Einn helsti andstæðingur hans var Jake LaMotta en þeir börðust sex sinnum. LaMotta var að málá hjá mafunnini sem hafði mikil ítok í boxheiminum og spillinig var allsráðandi.

22.35 NFL - Upphitun

23.05 Heimsmótaröðin í póker (Main Event, Las Vegas, NV)

### SYN2

07.00 Portsmouth - Arsenal

13.05 Sunderland - Man. Utd.

14.45 Everton - Bolton

16.25 Premier League World

16.55 Wigan - Newcastle

18.35 Ensku mörkin 2007/2008 Ný og hraðari útgáfa af þessum vinsæla þætti þar sem öll mörkin og helstu atvik umferðarinnar eru sýnd frá öllum mögulegum sjónarhornum. Viðbrögð þjálfara, stuðningsmanna og sérfraeðinga.

19.35 Man. City - Blackburn

21.40 Coca Cola mörkin Farið yfir öll mörkin og helstu atvik í leikjum síðustu umferðar í Coca Cola deildinni en þar eiga Íslendingar nokkra fulltrúa.

22.10 Tottenham - Fulham

23.50 4 4 2 Tvíeykið Heimir Karlsson og Guðni Bergsson stendur vaktina ásamt vel voldum sparkspekingum, og saman skoða þeir allt sem tengist leikjum dagsins á skemmtilegan og nákvæman hátt.

### SKJÁREINN

07.00 Ertu skarpari en skólakrakki? (e)

08.00 Dr. Phil (e)

08.45 Vörutorg

09.45 Óstöðvandi tónlist

14.30 Vörutorg

15.30 Everest (2:2) (e)

17.00 7th Heaven (e)

17.45 Dr. Phil

18.30 The Drew Carey Show (e)

19.00 Everybody Hates Chris - jóláþáttur (e)

19.30 According to Jim - jóláþáttur (e)


► 20.00 The Office (2:25) Bandarísk gamansería sem hlaut Emmy-verðlaunin 2006 sem besta gamanserían. Michael, Dwight og Jan fara á stóra ráðstefnu með skrif





„Ég var í Háskólanum þarna og sennilega á fullu í Vöku. Ég er í peysu sem Vala gaf mér skömmu eftir að við byrjuðum saman og með skókk gleraugu sem dugðu lengi. Það vekur líka athygli hvað þetta er alvörug ef inn ungur maður!“

Gísli Marteinn Baldursson borgarfulltrúi.  
Myndin er tekin í febrúar 1995.



**LÁRETT 2.** stöngulendi 6. skammstöfun 8. herma 9. segi upp 11. grískur bökstafur 12. algjörlæg 14. mælieining 16. drykkur 17. tré 18. umhoggja 20. fyrir hönd 21. vangi.

**LÓÐRÉTT 1.** ávoxtur 3. guð 4. mikill ávinnungur 5. mánuður 7. Forn-Grikki 10. þyrping 13. skammstöfun 15. innnyfla 16. höld 19. ónefnudur.

**LAUSN**

5. mal, 7. helllei, 10. kví, 13. etv., 15. idra, 16. tolk, 19. nn.

**LÓÐRÉTT:** 1. pera, 3. ra, 4. uppgrip, 17. vio, 18. önn, 20. pr, 21. kinn.

**LÁRETT:** 2. brunn, 6. eh, 8. apa, 9.

#### VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á bls. 8

- Um 1,8 prósent.
- Nicole Kidman.
- H&M.



# Áramótakveðjur fyrir ellefu milljónir

Íslensk fyrirtæki senda landsmönnum áramótakveðjur fyrir ellefu milljónir á undan og inni í Áramótaskaupi RÚV. Sekúndun í auglýsingahélinu á undan Skaupinu kostar tæpar prettán þúsund krónur og bæstist við 15 prósentala ofan á það verð fyrir þá auglýsingum sem birtist síðust fyrir frumsýningu spéspiegils ársins. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hefur Kaupþing þegar tryggt sér það pláss en þar munu fyrrverandi Spaugstofumaðurinn Randver Þorláksson og Monty Python-kóngurinn John Cleese fara á kostum fyrir hönd bankans.

Að sögn Þorsteins Þorsteinssonar, markaðstjóra RÚV ohf., hefur þetta eftirsóttasta auglýsingahélinu



UPPRISA RANDVERS Randver var rekin úr Spaugstofunni en ris aftur upp í auglýsingum með Cleese.

íslensku sjónvarpi verið milli átta og tíu mínútur en ef áhorfið verður eitthvað í líkingu við síðustu ár má reikna með að yfir 95 prósent

þjóðarinnar sitji við skjáinn á þessum tíma. Erfitt getur hins vegar reynst fyrir auglýsendur að ná sér í síðasta slottið en eftir því sem Fréttablaðið kemst næst er það pláss pantad með margra mánaða fyrirvara.

Umdeilda plássið er þó án nokkurs vafa auglýsingin í miðju Skaupinu eins og komið hefur fram í fjölmöldum hefur fasteignasörlurisinn REMAX tryggt sér þetta þriggja milljóna króna auglýsingahélinu sem stendur yfir í eina mínu. „Ég vil ekkert tjá mig

um þetta,“ segir Gunnar Sverrir Harðarson, sem sér um markaðsmáli hjá REMAX. Hann vildi ekki staðfesta að REMAX hefði keypt auglýsingahélinu og sagðist eingöngu hafa heyrta af umræðunni í fjölmöldum. Peir hjá REMAX hefðu ekki orðið varir við nein neikvæð viðbögð við meintum auglýsingakaupum þeirra.

- fgg



CLEEESE MÆTIR ARTUR John Cleese verður að öllum líkendum síðasti maður fyrir Skaup.

#### SILJA HAUKSDÓTTIR: LEIKSTÝRIR NÝRRI GAMANPÁTTARÖÐ

# Ilmur Kristjáns á uppleið í fjármálageiranum

Silja Hauksdóttir og Ilmur Kristjánsdóttur sitja nú ásamt handritsmóglum Sigurjóni Kjartanssni sveitt við skriftir fyrir nýja gamanpáttaröð með dramatísku spennu-ívafi sem sýnd verður á Stöð 2 á næsta ári. Silja og Ilmur hafa verið hluti af Stelpunum í síðustu þáttaröð sem nú er sýnd á Stöð 2 en að sögn leikstjórans verður nýja þáttaröðin eiginlega ekkert í líkingu við þá þætti að því leyti að um er að ræða framhaldsbætti. „Nei, þættirnir fjalla um unga konu sem hyggst brjóta upp metorðastigann í fjármálageiranum með fjöruðt ímyndunarafli að vopni,“ segir Silja þegar Fréttablaðið náiði tali af henni en samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hefur þættinum verið gefið vinnuhetið Silgja.

Silja gat ekki tjáð sig um hverjir yrðu við hlið Ilmar á skjánum enda væri verið að klára öll formsatrið. Aðrar persónur og leikendur væru enn í mótnum.

Og það er því ljóst að verið er að bregðast við því mikla æði sem reið yfir þjóðina í kjölfar sýninga á Næturvaktinni. Páttaröðin er vinsælasti sjónvarpsþáttur Stöðvar 2 frá upphafi og fékk tvenn Eddverðlaunum. Silja segir þetta einfaldlega vera mikil gleðiefni. „Mér finnst bara frábært að þetta er það sem þjóðin vill sjá. Og áhorfendur heima í stofu eru farnir að biðja um íslenskt sjónvarpsefni í miklu meiri mæli og ekki síst gamanefni,“ segir leikstjórin.



#### PRÍEYKID

Pær Silja Hauksdóttir og Ilmur Kristjánsdóttir eru ásamt Sigurjóni Kjartanssni að skrifa handrit að nýri gamanpáttaröð sem fíjallar um unga konu á uppleið í fjármálageiranum.

Pálmi Guðmundsson, sjónvarpstjóri Stöðvar 2, gat ekki sagt fyrir um hver yrðu örlog Stelpunnar náða. Stelpurnar hafa verið á dagskrá næsta vetur. Stelpurnar hafa verið á dagskrá stöðvarinnar í fjölmögur ár og notið mikilla vinsælda en töluverðar breytingar hafa átt sér stað á upphaflegum leikhópi.

Pálmi sem reiknaði með því að ný sjónvarpsþátturinn yrði á dagskrá næsta vetur. Stelpurnar hafa verið á dagskrá stöðvarinnar í fjölmögur ár og notið mikilla vinsælda en töluverðar breytingar hafa átt sér stað á upphaflegum leikhópi.

#### FRÉTTIR AF FÓLKÍ

Ófárt nytta sér opnumartíma matvöruverlanna á aðfangadag. Meðal þeirra var Jónsi, söngvari Sigur Rósar, sem gerði síðustu innkaupin í Hagkaupum í Kríglunni þegar stutt var klukknahringinguna. En á meðan aðrir fyltu kerrur sínar af síðustu kjötvörum tók söngvarinn upp úr körfu sinni hverja grænmetistegundina af fætur annari sem voru svo framandi að jafnvæl afgreiðslufólkid vissi ekki að svona matvörur væru seldar í búðinni sinni og þurfti að leita ráða hjá Jónsa til að vita hvað væri nú þarna á ferðinni.



Og meira af söngvurum því loksins, loksins, gætu einhverjir hugsað því nú hefur verið tilkynnnt um útgáfutónleika Jóhönnu Guðrúnar. En þeir fara fram á skemmtistaðnum Rúbín í kvöld. Mikið hefur verið spáð og spekúlerað um plötu Jóhönnu Guðrúnar en eftir fimm ára vinnu í Bandaríkjunum er platan tilbúin. Með Yohónna, eins og hún heitir á ensku, að svíðinu verður tuttugu manna hljómsveit, þar á meðal nokkrir liðsmenn úr Sinfóniuhljómsveit Íslands.

Og loks smá fréttir af tenórnunum Garðarí Thor Cortes en enginn nýliði í sigildri tónlist seldi jafnvæl og Garðarí i Bretlandi á árinu sem er að líða. 2007 hefur verið ævintýri líkast hjá söngvaranum en hann söng meðal annars fyrir Camilli Parker Bowles og Karl Bretaprisins auk þess að hefja upp raust sína fyrir Tony Blair. Ef marka má orð Einar Bárðarsonar í fréttatilkynningu eru þeir félagar bjartsýnir að hann hljóti tilnefningu til bresku tónlistarverðlaunanna í sígildum flokki. - fgg



# Brynhildur leikur Þorgerði Brák



FÓSTRA EGILS Brynhildur Guðjónsdóttir sem Þorgerður brák. Einleikur Brynhildar, Brák, verður frumsýndur í Landnámssetrinu 5. janúar.

leit við Brynhildi að hún semdi nýtt leikverk til sýninga á Sögu lofti setursins. Eins og algjóð veit hefur Benedikt Erlingsson sýnt Mr. Skallagrímsson þar um tíma við afar góðar undirtektir. „Ég er búin að vera að skrifa síðan í mars enda liggr mikil heimildarvinna að baki verkini. Þetta var heljarinnar verk og einveran ætlaði að drepa mig á köflum. Þessar ellefu línur urðu að tveggja tíma sýningu þar sem ég stand ein á svíðinu allan tímam og segi frá, syng og leik allt frá írskum prinsessum til hamrarmra víkinga. Benni er búinn að setja flottan og háan standard og markmiðið er auðvitað að fara ekki neðar en hann,“ segir Brynhildur og bætir því við að hún hlakki til að „valta yfir áramótajynnku“ með frumsýningunni. „Við ætlum að rífa upp nýja árið í gleði og með virðingu fyrir öllum þessum konum sem fæddu og fóstruðu kynslóðir Íslendinga en áttu hvorki eigin rödd né komust nokkurs staðar á blað.“ - sók

#### FISKBÚÐIN HAFBERG

Gnoðarvogi 44, s. 588 8686.

## STÓR HUMAR HÖRPUSKEL PILLAÐUR HUMAR RÆKJUR TÚNFISKUR OG HUMARSÚPA.



opn  
27. og 28. des 10-18:15  
laugardag 11-16  
sunnudag 12-16  
Gamlárdag 09-13

#### Auglýsingasími

512 50 50

- Mest lesið

# Mundu að pantal!

fyrir jólin

Heimsendingar alla daga

fram að jólum frá 10 til 22

800-5555

Afgreiðslan  
Breiðhöfða 11  
er opin virka daga  
8 til 17



þú færð innihalds!

Þú færð allar nánari upplýsingar um **AGA Gasol** hylkin, þrýstiminnkara, slöngur og sérlausnir hjá umboðsmönnum okkar og í þjónustuveri ÍSAGA í síma 577 3000.

Linde Gas ]

**AGA**

Samstarfsaðilar ÍSAGA – endursala á AGA Gasol:



**ATLANTSOLIA**

\* Kópavogsbraut 115, Kópavogi

# FRÉTTABLAÐIÐ

SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS: 512 5000, fax: 550 5099 Rítstjórn: 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is  
DREIFING: dreifing@posthusid.is Auglýsingadeild: auglysingar@frettabladid.is Veffang: visir.is

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000



## Bréf til Jóla

Kæri Jóli. Takk fyrir aldeilis frábær jó! Þú hefur aldrei verið jafn duglegur að koma með dót. Jólasnjórin birtist alveg á passlegum tíma og það var eiginlega ekkert sem skyggði á jólaleðina nema kannski fréttin af verkamönnunum hjá Jarðvélum sem fengu ekki kaupið sitt. Ég trúi samt ekki öðru en það mál hafi fengið farsélan endi, til dæmis þann að jólaandinn hafi gripið verktakann og hann gengið frá sínum málum.

**ÞETTA** var voða klassískt hjá okkur fjölskyldunni. Eftir ofgnótt matar tóli við svakalegt pakkamarathon. Fjögurra ára sonur minn var upptjúnaður yfir þessu og búinn að sniglast í kringum tréð allan daginn. Loks þegar hann fékk grænt ljós reif hann og tætti pappírinn af þökkunum og kallaði jafnóðum: Hvað á ég meira? Þegar risastór dótaþrúga var komin á gólfíð tók við minn hlutur: að ná dótinu úr kössunum. Ég verð nú að skamma þig og braeður þína fyrir að pakka þessu svona svakalega vel inn. Hvert leikfangasnitti er reyrt niður í hnausþykka pappakassa með vírum og skrúfum og fyrir jafn klaufskan karl og mig getur verið verulegt vesen að frelsa dótíð. Þegar það tókst loks tók annar hausverkur við; að koma dótinu heim og saman því í undantekningatilfllum kemur dót tilbúið úr kössunum. Playmo og Lego eru hátið miðað við Transformers-karlana, sem verulegt verksvit þarf til að setja saman og breyta úr karli í bil. Þar sem ég sat ráðbrota haldandi á ósamstæðum bitum og sonurinn suðandi, hugsaði ég: Er þessi ofgnótt kannski ekki alveg hinn rétti andi jólanna?

**ÉG** hélt áfram að hugsa þetta þegar ég veltist um í rúminu með hausverk og vélindabakflæði út af öllu reykta kjötinu og maltinu og appelsíninu. Ætti ég kannski að stinga upp á einhverju róttáku fyrir næstu jól, til dæmis að fara að dæmi Jóns Ásgeirs og Ingibjargar og þiggja engar gjafir heldur láta fólk leggja inn á góðgerðareikning. Fjölskyldan gæti svo verið í uppvaskinu hjá Hjálpræðishernum.

**KÆRI** Jóli. Auðvitað var ég búinn að gleyma þessari vitleysu daginn eftir þegar ég vaknaði laus við hausverkinn og drengurinn farinn að leika sér við samsett dótíð sitt. Alveg er ég svo viss um að þú búir til ennþá, ennþá meira dót fyrir næstu jól.



## GÓÐAN DAG!

Í dag er fimmtudagurinn 27. desember, 361. dagur ársins.

Sólárupprás Hádegi Sólarlag  
Reykjavík 11.22 13.29 15.35  
Akureyri 11.38 13.13 14.49

Heimild: Almanak Háskóla Íslands

HRIKALEG  
VERÐLÆKKUN

4 BLADSÍÐUR Í FRÉTTABLAÐINU Í DAG FULLAR AF TILBODUM



TOLVUTEK

Borgartún 33 • 105 Reykjavík • 563 6900 • www.tolvutek.is



## Tónlist beint í símann

Þú getur eignast nýjustu lögum með einum vinsælasta tónlistarmanni landsins, Páli Óskari.

Skráðu þig í tónlistarklúbbinn og fáðu ótakmarkaðan aðgang að íslenskri tónlist.

### Tónlistarklúbburinn

- Hátt í 1.000.000 íslensk og erlend lög!
- Íslensk tónlist innifalin (almennt verð 149 kr.)
- Kauptu **erlenda tónlist** á einfaldan og löglegan hátt í fyrsta sinn á Íslandi – **99 kr.** lagið (almennt verð 149 kr.)
- 3ja mánaða áskrift að tónlistarklúbbnum fylgir útvöldum tónlistarsínum (mánaðaráskrift kostar 990 kr.)



### Sony Ericsson V640i

Lipur og nettur Walkman tónlistarspili. 3G, EDGE, 256 Mb minniskort. Fer á netið með Vodafone live! Fæst í "Havana Gold" og svörtu. Fæst eingöngu hjá Vodafone.

**19.900 kr.**

**Gríptu augnablikið og lifðu núna**

